



IDAN
fræðslusetur

Vor 2017

SÍMENNTUN Í IÐNAÐI



HVAR VILT ÞÚ VERA EFTIR FJÖGUR ÁR?

Verður þú í skemmtilegu og vel launuðu starfi
sem að auki gefur þér kost á háskólanámi?



Byggingagreinar



Málm- og véltækni



Matvælagreinar



Snyrtigreinar



Rafiðngreinar



Grafískar og tölvugreinar



Hönnunargreinar



Bílgreinar



Viltu vita meira?



nemahvad.is



Ellefta starfsár IDUNNAR fræðsluseturs er runnið í garð. Á vorönn 2017 eru í boði yfir 160 námskeið í námsvísi auk þess við bjóðum fyrirtækjum upp á sérsniðin námskeið af ýmsu tagi. Hafðu því endilega samband ef þú finnur ekki það sem þú leitar eftir í námsvísinum og við gerum okkar besta til að hjálpa.

Ég vek sérstaka athygli á almenna kaflanum í námsvísinum en hann inniheldur námskeið sem henta öllum félagsmönnum óháð fagsvíði. Einnig má benda á að nú höfum við tekið saman það sem við köllum gagnlegar upplýsingar í einn kafla. Þar má t.a.m finna upplýsingar um námskeið, styrki, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, námssamninga og sveinspróf og mat á erlendu námi.

Undanfarið höfum við lagt aukna áherslu á að bjóða upp á fjarnám þar sem það er við hæfi. Námskeið sem eru í boði í fjarnámi eru sérstaklega merkt í námsvísinum og þar er einnig að finna upplýsingar um framkvæmdina og skráningu.

Að lokum hvet ég alla til að fylgja okkur á Facebook og skrá sig á póstlista IDUNNAR fræðsluseturs. Það er einfaldasta leiðin til að fylgjast með öllu okkar starfi.

Bestu kveðjur,

Hildur Elín Vignir,
framkvæmdastjóri IDUNNAR fræðsluseturs.



| | | | | | |
|--|-----------|--|-----------|--|-----------|
| Gagnlegar upplýsingar | 6 | Húsasmiðir, dúklagningamenn, | | Niðurlögn steinsteypu | 40 |
| Náms- og starfsráðgjöf | 8 | húsgagnasmiðir, pípuلاغningamenn, | 28 | Sólpallar og skjólgirðingar | 41 |
| Raufærnimat | 9 | málarar og múrarar | | Sumarbústaðalandið | 41 |
| Námssamningar og sveinspróf | 10 | Brunapéttingar | 28 | Lakksprautun | 41 |
| Fyrirtækjastyrkir IDUNNAR fræðsluseturs | 12 | Loftun byggingarhluta | 28 | Marmaramálun | 41 |
| Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og starfsreynslu til að starfa í löggiltri iðngrein | 13 | Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarframkvæmdir | 29 | Námskeið í samvinnu við Vinnueftirlitið | 42 |
| AdBlue (SCR) | 14 | Hljóðvist í húsum | 29 | Öryggi og vinnuvernd | 42 |
| Bilanir í rafstýrikerfum díselvéla | 14 | Raki og mygla í húsum I | 30 | Asbest | 42 |
| Erlendir viðgerðarmenn á bifreiðaverkstæðum | 15 | Raki og mygla í húsum II | 30 | Málningaruppleysir | 42 |
| Fjölorðu ökutækni | 15 | Ábyrgð byggingastjóra | 30 | Körfukranar og spjót | 43 |
| Burðarvirkismæling | 16 | Gæðakerfi í byggingariðnaði | 30 | Frumnámskeið | 43 |
| Burðarvirkismæling, endurnýjun réttinda | 16 | Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka | 31 | Byggingarkranar | 43 |
| Rúður ökutækja | 17 | Gæðakerfi í Sharepoint – Office 365 | 31 | Matreiðslumenn, framreiðslumenn, kjötiðnaðarmenn, bakarar og starfsfólk í ferðaþjónustu | 44 |
| Hjólástilling | 17 | Stjórnun á verkstað | 31 | Bjórgerð | 44 |
| Hjólástilling, endurnýjun réttinda | 17 | Raunkostnaður útseldrar þjónustu | 31 | Kokteilar | 44 |
| Hjólástilling stórra ökutækja | 17 | Húsgagnagerð úr skógarefni | 32 | Bjór og matur | 45 |
| Lestur bilanakóða | 18 | Hnífasmíði | 32 | Steiking | 45 |
| Loftfrískunarkerfi | 18 | LEAN í byggingariðnaði | 32 | Ostagerð | 46 |
| Mælingar í rafbúnaði | 18 | Sketchup | 32 | Hnífasmíði | 46 |
| Plastviðgerðir | 19 | Tálgun I | 33 | Brýnsla á hnífum | 46 |
| Rafbílar - Mitsubishi | 19 | BREEAM vottun verktaka | 33 | Þjónusta og sala í bakaríum | 47 |
| Rafbílar – Nissan og Renault | 19 | Árangursrík samskipti | 33 | Vaktstjórn | 47 |
| Rafbílar – VW og Audi | 19 | Húsgagnagerð úr skógarefni 2 | 33 | Vín og matur | 47 |
| Rafbílar sem skemmast | 20 | Eldsmíði | 34 | Vín I | 47 |
| Samsetningar - samskeytingar | 20 | Brýnsla verkfæra | 34 | Málmtækni, vélstjórn og blikksmíði | 48 |
| Spraututækni | 20 | Torf- og grjóthleðsla | 34 | Vökvatækni III | |
| Suðunámskeið fyrir bifreiðasmiði | 20 | Grjóthleðsla | 34 | – rekstur, viðhald og bilanagreining | 48 |
| Suðupjálfun í fyrirtækjum | 20 | YTONG byggingarefni | 35 | Vökvatækni IV – vinnuvélar | 48 |
| Tæknienska bíla | 21 | Trello tæklar verkefni | 35 | Vökvatækni V – hönnun vökvakerfa | 49 |
| Tölvukerfi - Netkerfi | 21 | Nýtt líf eftir starfslok | 35 | Málmsuða - grunnur | 49 |
| Verkstæði og rekstur | 21 | Almenn tölvufærni | 35 | Pinnasuða | 50 |
| Viðgerðaráætlanir verkefna | 21 | Verðskrá húsasmiða - uppmæling | 36 | Undirbúningur og stöðumat til vottunar í pinnasuðu | 50 |
| Prentsmíð, prentun og bókband | 22 | Timburhús I | 36 | TIG-suða og kynning á plasmasuðu | 50 |
| Nýtt líf eftir starfslok | 22 | Timburhús II | 36 | Undirbúningur og stöðumat til vottunar í TIG-suðu | 50 |
| Prent- og miðlunardagurinn | 22 | Viðhald og viðgerðir gamalla húsa | 36 | Námskeið í samvinnu við Vinnueftirlitið | 50 |
| Adobe DC og prentiðnaðurinn | 23 | Þök, rakaástand og mygla | 37 | Öryggi og vinnuvernd | 50 |
| Daglegur rekstur prentvéla | 23 | Frágangur rakavarnalaga | 37 | MIG/MAG suða | 51 |
| Margbreytileiki pappírs - nýtt | 24 | Gluggar og glerjun | 37 | Undirbúningur og stöðumat til vottunar í MIG/MAG suðu | 51 |
| InCopy - Snark | 24 | Trérennismíði | 37 | Logsuða | 51 |
| Straumlínustjórnun (Lean management) | 24 | Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki? | 37 | Undirbúningur og stöðumat til vottunar í logsuðu | 51 |
| Adobe Premiere I | 25 | Trébatasmíði | 38 | Ál og álsuða | 52 |
| Trello tæklar verkefni | 25 | Brunahólfandi innihurðir og glerveggir | 38 | Undirbúningur og stöðumat til vottunar í álsuðu | 52 |
| Adobe InDesign grunnur | 25 | Frágangur raka-, vind- og vatns-varnalaga | 38 | Rennismíði og fræsing | 52 |
| Pappírsskólinn - nýtt | 25 | Nýlögn og viðhald parkets | 38 | Undirbúningur og stöðumat til vottunar í álsuðu | 52 |
| Adobe Illustrator grunnur | 26 | Vatnsúðakerfi - sprinkler | 39 | Heftbundinn stjórnþúnaður hitakerfa | 40 |
| Creative brief, hvað er það? | 26 | Þökukerfi - sprinkler | 39 | | |
| Stafræna myndasafnið | 26 | Afhending lagnakerfa | 39 | | |
| WordPress – minn eigin vefur | 26 | Varmadælar | 39 | | |
| Láttu hugmyndirnar flæða | 26 | Autodesk fyrir byggingamenn | 39 | | |
| Brotið á marga vegu | 26 | Frágangur votryma 1 | 40 | | |
| | | Frágangur votryma 2 | 40 | | |
| | | Hefðbundinn stjórnþúnaður hitakerfa | 40 | | |

| | | | | | |
|---|----|---|-----------|---|----|
| Iðntölvustýringar PLC | 52 | Rafmagnsfræði fyrir málmíðnaðarmenn | 56 | Byrjaðu í golfi | 62 |
| CNC stýrðar iðnvélar | 52 | Öryggismál | 56 | Að semja próf | 62 |
| Kælitækni – áfylling á kælikerfi | 53 | AutoCAD 2016 & AutoCAD LT 2017 | 58 | Móttaka nema | 62 |
| Bilanagreining kælikerfa | 53 | Autodesk Inventor 2017 Essentials | 58 | Að verða betri en ég er | |
| Stillingar loftræstikerfa | 53 | Inventor 2017 „súper módel“ | | – að ná hámarksárangri í lífi og starfi | 62 |
| Suðupjálfun í fyrirtækjum | 53 | (Skeleton Construction) | 58 | Heimili og hönnun | 64 |
| Varmadætur – virkni, uppsetning, stilling og viðhald | 54 | AutoCAD Electrical 2017 Essentials (IEC Standard) - grunnur | 58 | Öflugt sjálfstraust | 64 |
| Kælitækni | 54 | Autodesk Revit Architecture 2016 – Grunnnámskeið „Essentials“ | 59 | Íbúðaskipti | |
| Suðuhæfni og efnisfræði málna, óskaðlegar prófanir NDT. | 54 | Inventor fyrir blikksmiði og stálsmiði | 59 | – meiri upplifun, minni kostnaður | 64 |
| Kerrusmiði | 54 | Námskeið fyrir alla | 60 | Ferilskrár og kynningarbréf | 64 |
| Prýstiloftskerfi (loftstýringar) | 54 | Árangursrík framsögn og tjáning | 60 | Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki? | 64 |
| Legur | 56 | Frammistöðusamtöl - starfsmannasamtöl | 60 | Reiknað endurgjald | 65 |
| Smuroliur | 56 | Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda | 61 | Virðisaukaskattur | 65 |
| Afréttingar | 56 | Árangursrík samskipti | 61 | Skyndihjálp | 66 |
| Titringsmælingar | 56 | Stjórnun fyrir nýja stjórnendur | 62 | Nytt líf eftir starfslok | 66 |
| | | | | Árangursrík stjórnun | 66 |

STARFSFÓLK IÐUNNAR



Arnar Þorsteinsson
Náms- og starfsráðgjöf



Birgir Hólm
Verkefnastjóri



Edda Jóhannsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Erna G. Árnadóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Fjóra Hauksdóttir
Verkefnastjóri



Gústaf Adolf Hjaltason
Verkefnastjóri



Harpa Maren Sigurgeirsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Helen Williamsdóttir Gray
Rannsóknir og þróun



Helga Björg Hallgrímsdóttir
Fræðslufulltrúi



Hildur Elin Vignir
Framkvæmdastjóri



Hilmar Brjánn Sigurðsson
Verkefnastjóri



Iðunn Kjartansdóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Ingibergur Elíasson
Verkefnastjóri



Inga Birna Antonsdóttir
Fræðslufulltrúi



Ingi Rafn Ólafsson,
sviðsstjóri prent- og miðlunarsviðs



Karitas Anna Vignir
Móttaka



Kristján Kristjánsson, sviðsstjóri
málm- og véltækni sviðs



Ólafur Ástgeirsson, sviðsstjóri
bygginga- og mannvirkjasviðs



Ólafur Jónsson, sviðsstjóri
matvæla- og veitingasviðs



Ólafur Stefánsson
Sviðsstjóri bilgreinasviðs



Ragnar B. Ingvarsson
Tækni svári



Rákel Steinvör Hallgrímsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi



Sigurður Fjalar Jónsson
Markaðsstjóri



Steinunn Guðjónsdóttir
Fjármálastjóri



Valdís Axþjörð
Fræðslufulltrúi



Þorgerður Jóhannsdóttir
Matráður



Þórey Thorlacius
Fjármálafulltrúi



Gagnlegar upplýsingar

Býður IDAN upp á náms- og starfsráðgjöf?

Náms- og starfsráðgjafar IDUNNAR bjóða upp á margvíslega ráðgjöf tengda námi og starfi. Meðal annars er boðið upp á einstaklingsviðtöl, ferilskráargerð, sérúrræði í sveinsprófi og raunfærnimat. Bókaðu viðtal með tölvupósti á netfangið radgjof@idan.is eða með því að hringja í 590 6400.

Hvernig skrái ég mig?

Skráning á öll námskeið fer fram á vef IDUNNAR www.idan.is, í tölvupósti til idan@idan.is eða í síma 590 6400. Á heimasíðu er einnig yfirlit yfir öll námskeið sem eru í boði á hverri önn.

Hvar eru námskeiðin haldin?

Helstu kennslu- og námskeiðsstaðir eru: IDAN fræðslusetur Vatnagörðum 20, Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands, Tækniskólinn í Reykjavík og Hafnarfirði, Borgarholtsskóli, Menntaskólinn í Kópavogi, Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjanesbær, Selfoss, Akranes, Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir, Reyðarfjörður, Sauðárkrúur, Húsavík og Vestmannaeyjar.

Hvernig er námsmat og mætingareglur?

Gert er ráð fyrir 100% mætingu á námskeið nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þegar um er að ræða próf eða formlegt námsmat á námskeiði er það tiltekið með námskeiðslýsingu. Hver kennslustund er 60 mínútur.

Hvað kostar á námskeiðin?

Verð á námskeiðum eru alltaf tvö. Fullt verð greiða þeir sem ekki eru aðilar að IDUNNI, þ.e. ekki er greitt af þeim í endurmenntunarsjóði IDUNNAR (gjaldið er greitt af vinnuveitanda). Lægra verðið er fyrir þá sem greitt er af í endurmenntunarsjóði. IDAN veitir upplýsingar um stöðu hvers og eins ef óskað er.

Hverjir eru aðilar að IDUNNI fræðslusetri?

Starfsmenn í iðngreinum sem greitt er af símenntunargjald sem rennur til IDUNNAR. Gjaldið er greitt af vinnuveitanda í samræmi við kjarasamninga.



Er fjarnám í boði hjá IÐUNNI?

IÐAN býður upp á fjarnám á völdum námskeiðum. Óski þátttakandi eftir því að vera í fjarnámi þarf að hafa samband við IÐUNA í síma 590 6400 eða idan@idan.is og taka það fram sérstaklega. Þeir sem ætla sér að vera í fjarnámi þurfa að hafa góða nettengingu, vefmyndavél og hljóðnema.

Get ég fengið ferðastyrk?

Ferðastyrkur er eingöngu veittur vegna námskeiða hjá IÐUNNI. Greitt verður lágsta flugfargjald vegna ferðalags frá heimabyggð til námskeiðsstaðar. Ökutækjastyrkur er 7.000 kr. til þeirra sem búa í 40 km. fjarlægð eða fjær frá námskeiðsstað. Ökutækjastyrkur er 11.500 kr. þeim til handa sem búa 120 km eða lengra frá námskeiðsstað. Ökutækjastyrkur er 17.000 kr. til þeirra sem búa í 250 km. fjarlægð eða fjær frá námskeiðsstað. Athugið að þetta á einungis við um þá aðila sem greitt er af endurmenntunargjald.

Hvað gerist ef ég forfallast?

Ef skráður þátttakandi mætir ekki og boðar ekki forföll með sólarhrings fyrirvara, áskilur IÐAN sér rétt til að krefja hann um helming af námskeiðsgjaldi. Ef þátttakandi þarf frá að hverfa vegna ófyrirsjáanlegra orsaka greiðir hann fyrir námskeiðið en getur lokið því næst þegar það er haldið, sé laust sæti.

Hægt er að láta vita um forföll í síma 590 6400 eða á idan@idan.is utan opnunartíma.

Hvað með félagsmenn án atvinnu?

Félagsmönnum okkar sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum er bent á að athuga rétt sinn hjá Vinnumálastofnum áður en þeir koma á námskeið. Vinnumálastofnun styrkir þátttakendur til setu á námskeiðum IÐUNNAR.

Hvað með eldri félagsmenn og öryrkja?

Félagsmenn, sem greitt hefur verið af endurmenntunargjöld og komnir eru á eftirlaunaaldur eða eru öryrkjar geta sótt námskeið IÐUNNAR án þess að greiða námskeiðsgjald. Þeir eru beðnir að taka það sérstaklega fram við skráningu. Þetta á ekki við um réttindanámskeið eða námskeið sem IÐAN kaupir af öðrum.

Ert þú félagsmaður í Rafiðnaðarsambandinu?

Félagsmenn í Rafiðnaðarsambandinu geta sótt námskeið hjá IÐUNNI fræðslusetri á félagsverði Rafiðnaðarskólans. Hafir þú áhuga á því að sækja námskeið, þarf þú að hafa samband við Rafiðnaðarskólann til að kanna rétt þinn og fá samþykki fyrir því að setja skólann sem greiðanda. Skráðu þig síðan á viðkomandi námskeið og reikningurinn verður sendur á Rafiðnaðarskólann sem síðan sendir þér reikning fyrir þínum hluta námskeiðsgjaldsins. Hið sama gildir um félagsmenn IÐUNNAR sem hafa áhuga á að sækja námskeið hjá Rafiðnaðarskólanum.



Fylgdu okkur á
facebook
idanfraedslusetur



Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR fræðsluseturs bjóða upp á margvíslega ráðgjöf tengda námi og starfi. Meðal annars er boðið upp á einstaklingsviðtöl, ferilskráargerð, sérúrræði í sveinsprófi og raunfærnimat.

Bókaðu viðtal á netfangið radgjof@idan.is eða í síma 590 6400.

Náms- og starfsráðgjöf

Ert þú að velta fyrir þér námi eða starfi? IÐAN býður upp á margvíslega ráðgjöf um nám og störf ásamt raunfærnimati fyrir einstaklinga.

Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR er að veita einstaklingum margvíslegan stuðning og er markmið ráðgjafarinnar að stuðla að auknum árangri og vellíðan í námi og starfi.

Náms- og starfsráðgjöfin sinnir:

- Raunfærnimati
- Fyrirtækjapjónustu
- Aðstoð við gerð ferilskrár
- Námsækni
- Ráðgjöf um prófkviða, streitu og sjálfstyrkingu
- Ráðgjöf um náms- og starfsval
- Sérúrræðum í sveinsprófi
- Kynningum á iðn- og starfsnámi
- Ráðgjöf við atvinnuleitendur

Raunfærnimat

Raunfærnimat er leið til að meta þá færni og þekkingu sem öðlast má á vinnumarkaði. Matið getur mögulega stýtt nám og verið hvatning til að ljúka því. Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru 23 ára aldur og 3 ára staðfest starfsreynsla í viðkomandi grein. Þessi leið hefur skilað góðum árangri þar sem margir þátttakendur raunfærnimatsins hafa haldið áfram námi og lokið sveinsprófi að loknu matinu.

Frekari upplýsingar um raunfærnimat og næstu verkefni er hægt að nálgast á www.idan.is/raunfaernimat.

Sérúrræði í sveinsprófi og prófkviði

Einstaklingur sem óskar eftir sérúrræði í sveinsprófi skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa og skila inn greiningu eða vottorði frá þar til bærum sérfræðingi. Einnig býðst sveinsprófstökum að leita til náms- og starfsráðgjafa vegna undirbúnings sveinsprófa og prófkviða.

Raunfærnimat

Hefur þú starfað við
iðngrein og vilt ljúka námi?

Kynningarfundur

Viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa

Færnisráning

Matsviðtal hjá fagaðila

Áætlun um námslok

Allar frekari upplýsingar á
www.raunfaernimat.is



Námssamningar og sveinspróf

IDAN fræðslusetur hefur umsjón með gerð námssamninga og framkvæmd sveinsprófa fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins í bygginga- og mannvirkjagreinum, matvæla- og veitingagreinum, málmiðngreinum, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, snyrtigreinum, hönnunar- og handverksgreinum og bíliðngreinum.

Námssamningar

Iðnnámi er skipt í vinnustaðanáms og nám í skóla. Tilgangur vinnustaðanáms er að efla þekkingu, færni og skilning nema á verkþáttum námsins. Að loknu vinnustaðanámi á neminn að hafa öðlast þá færni sem þarf til að standast sveinspróf. Gera þarf námssamning ekki seinna en mánuði eftir að vinna hefst hjá meistara í faginu. Nemendur verða að vera orðnir 16 ára til að mega fara á námssamning.

Sveinspróf

Sveinspróf eru haldin a.m.k. einu sinni á ári í hverri iðngrein ef næg þátttaka næst. Þegar nemi hefur útskrifast úr skóla og lokið samningsbundnu vinnustaðanámi getur hann sótt um sveinspróf. Með umsókninni þarf að fylgja afrit af burtfararskírteini úr skóla og lífeyrissjóðsyfirlit til að staðfesta vinnustaðanáms skv. námssamningi. Próftaki sem óskar eftir sérúrræði í sveinsprófi þarf að koma í viðtal til náms- og starfsráðgjafa.




Hægt er að sækja umsóknareyðublöð vegna námssamninga og sveinsprófa á vef IDUNNAR www.idan.is. Allar frekari upplýsingar um námssamninga og sveinspróf veita:

Bilgreinar og hönnunar-
og handverksgreinar:
inga@idan.is

Málmiðngreinar, snyrtigreinar
og upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:
valdis@idan.is

Bygginga- og mannvirkjagreinar
og matvæla- og veitingagreinar:
helga@idan.is





Fyrirtækjastyrkir IÐUNNAR fræðsluseturs

Réttur til styrkja

Fyrirtæki sem greiða endurmenntunargjöld til IÐUNNAR og eru í skilum, eiga rétt á að sækja um fræðslustyrk vegna starfstengdra námskeiða. Fáir fyrirtæki styrk eru ekki veittir einstaklingsstyrkir hjá því fyrirtæki fyrir sama námskeið.

Upphæð styrkja

Að jafnaði styrkir IÐAN 50% af kostnaði við fræðsluðila vegna kennslu. Áskilinn er réttur til lægra hlutfalls styrks ef reikningur fræðsluðila þykir óeðlilega hár í samanburði við kostnað hjá sambærilegum fræðsluðilum eða ef verkefni eru ekki eingöngu bein fræðsla eða þjálfun. Ekki er veittur styrkur vegna ferðakostnaðar, salarleigu eða veitinga. Virðisaukaskattur fræðsluðila, þar sem hann er reiknaður, er undanskilinn í útreikningum.

Hámarks upphæð styrkja

Styrkur til fyrirtækis getur orðið að hámarki

20% af greiddum iðgjöldum til IÐUNNAR á s.l. almanaksári. Styrkurinn skal þó ekki vera hærri en sem nemur 50% fræðslukostnaðar.

Fylgigögn með umsókn

Umsókn er rafræn og sótt skal um á attin.is. Ef ekki er búið að halda námskeiðið þarf að fylgja tilboð fræðsluðila með upplýsingum um fræðsluna og áætlaðan markhóp (þ.e. hvaða starfsgreinar) innan fyrirtækisins. Þegar sótt er um námskeið, sem hefur verið haldið, þarf að fylgja afrit af reikningi fræðsluðila ásamt lista yfir þátttakendur með nöfnum, kennitölum og stéttarfélagasáðild. Reikningur fræðsluðila þarf að vera stílaður á kennitölu fyrirtækisins.

Fræðslustjóri að láni

Settu fræðslumálin í markvissan farveg með þínu starfsfólki. Verkefnið byggist á að lána út fyrirtækjum ráðgjafa sem er sérhæfur í fræðslu á vinnustað. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál og gerir greiningu á

þörfum þeirra í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Út frá greiningunni er unnin fræðslu- og símenntunaráætlun sem leggur grunn að markvissri símenntun starfsmanna. Óski fyrirtæki eftir að fá fræðslustjóra að láni skerðir greiðsluþátttaka í því rétt fyrirtækja til fræðslustyrkja til samræmis við þá hámarksupphæð sem fyrirtækið getur sótt um. Þau fyrirtæki sem greiða starfsmenntaiðgjöld í IÐUNA fræðslusetur, Landsmennt, Starfsafl, Raðföðnaðarskólann, Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks, Starfsmenntasjóð verslunar eða Verkstjórásamband Íslands geta fengið styrk fyrir fræðslustjóra að láni.

Samvinna um umsókn

Fyrirtæki geta sótt um styrk til IÐUNNAR ein og sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki, fræðsluðila og/eða stéttarfélag sem aðild eiga að IÐUNNI, í gegnum vefinn attin.is.



Viðurkenning á erlendri starfsmenntun og starfsreynslu til að starfa í löggiltri iðngrein

ÍÐAN fræðslusetur liðsinnir einstaklingum sem hafa aflað sér starfsmenntunar á framhaldsskólastigi erlendis og starfsreynslu í eftirfarandi greinum samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið: bíliðngreinum, bygginga- og málmíðngreinum, prentiðnaði, matvæla- og veitingagreinum, hönnunar- og handverksgreinum og snyrtigreinum.

Hvert á að senda umsóknir?

Sá sem óskar eftir að starfa á sviði löggiltrar iðngreinar hér á landi og hefur aflað sér starfsmenntunar í öðru landi sækir um viðurkenningu á menntun sinni og starfsreynslu. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal senda til ÍÐUNNAR fræðsluseturs, að undanskilinni menntun í rafiðnaði, en þær umsóknir skulu sendar til Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Umsóknareyðublöð ásamt upplýsingum má finna á vef ÍÐUNNAR fræðsluseturs: www.idan.is/mat-a-nami-erlendis.

Allar frekari upplýsingar veitir Helen Gray helen@idan.is.

Svör til umsækjenda

Eftir að starfsfólk ÍÐUNNAR fræðsluseturs hefur mótttekið umsókn ásamt fylgigögnum er farið yfir gögnin og þau send ásamt umsögn til Menntamálastofnunar sem síðan sendir umsækjanda skriflegt svar við umsókninni.

Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði um menntun og starfsreynslu til starfa í iðngrein hér á landi gefur sýslumaðurinn á Seyðisfirði út sérstakt leyfisbréf því til staðfestingar.



Bifvélavirkjun, bílamálun og bifreiðasmíði

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMÍÐIR

AdBlue (SCR)

Greining á sérsniðnu afoxunarferli þar sem farið er yfir virkni SCR kerfa í Euro V og Euro VI ökutækjum og áhrif lagalegra og tæknilegra atriða um mengandi útblástur frá díselhreyflum. Skoðað hvaða tegundir af kerfum eru á markaðinum og hjá mismunandi framleiðendum ökutækja. Farið yfir grunnreglu um viðhald og rekstur kerfanna. Skoðaðar greiningaraðferðir og stillingar fyrir eina tegund og útskýringar á einstaka breytum og greiningarprófum.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Guðmundur Viðar Hreinsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 4 klukkustundir. Tímasetning auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 21.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMÍÐIR

Bílanir í rafstýrikerfum díselvéla

Safngreina díselvélar (Common rail)

Farið yfir virkni kerfa í safngreina díselvélum (Common Rail). Hvernig hreinsibúnaður útblásturskerfa starfar; skömmtunarkerfi fyrir íblendiefni til hreinsunar útblásturs, sjálfvirk hreinsun sótagnasía og hvernig má handstýra hreinsun. Skoðun og prófun á forþjöppum, EGR ventlum og kælum. Staðsetning skynjara, mat, prófun, skipti og bilanagreining.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Hreinn Ágúst Óskarsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 16 klukkustundir. Tímasetning auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 86.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 22.500 kr. |



ALMENNT

Erlendir viðgerðarmenn á bifreiðaverkstæðum

Íslenska í vinnunni

Umræður og lestur texta. Samskipti við viðskiptavini og vinnufélaga. Hvað þýða fyrirmæli og leiðbeiningar um verkefni í mæltu máli og í texta t.d. í verkbeiðnum. Hvaða hjálpartæki standa til boða: orðabækur, vefsíður orðasafna og tæknimála, vefsíður sem þýða texta.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Hreinn Ágúst Óskarsson. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 8 klukkustundir. Tímasetning auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 43.000 kr |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 12.500 kr. |

ALMENNT

Fjölorku ökutæki

Farið yfir þá orkugjafa sem nýttir eru eða hugsanlega verða nýttir í ökutækjum framtíðarinnar. Fjallað er m.a. um orkugjafana: rafmagn, vetni, metan, E85 og metanól. Hver áhrif þeirra eru á hreyfla og umhverfið. Einnig farið yfir hvernig samtvinnun tveggja eða fleiri orkugjafa í ökutækjum er háttáð.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Kristján M. Gunnarsson. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 22. mars, kl. 17.00 - 21.00. |
| Fullt verð: | 21.500 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 6.500 kr. |



BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMÍÐIR

Burðarvirkismæling

Farið yfir undirstöðumælingar á burðarvirki ökutækja. Markmiðið er að öðlast leikni í að meta áverka á ökutæki út frá niðurstöðum mælinga og gera ástandsmat og verkáætlun í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli framleiðanda og að fylla út burðarvirkisvottorð sem staðfestir ástand burðarvirkis. Að námskeiði loknu er viðkomandi þátttakandi skráður á faggildingarlista rétthafa til útgáfu burðarvirkisvottorða US.355 hjá Samgöngustofu að undangenginni úttekt á vinnustað hans.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Valur Helgason. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Föstudagur 10. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 11. mars, kl. 8.00 - 18.00. |
| Fullt verð: | 86.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 22.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMÍÐIR

Burðarvirkismæling, endurnýjun réttinda

Eru fimm ár frá síðasta námskeiði eða lengra?

Námskeið til endurnýjunar rétthafa til útgáfu burðarvirkisvottorða samkvæmt faggildingarlista Samgöngustofu; US.355. Réttindi þarf að endurnýja á fimm ára fresti. Fulltrúar Samgöngustofu kynna breytingar sem orðið hafa á reglugerðum síðustu misserin og leiðbeinendur á sviði bílgreinarinnar fara yfir nýjustu tækni-breytingar í burðarvirki bíla. Að námskeiði loknu fá viðkomandi endurnýjaðan rétt til að fylla út burðarvirkisvottorð næstu fimm árin að undangenginni úttekt á vinnustað.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Valur Helgason. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 20. febrúar, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 21.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Rúður ökutækja

Á námskeiðinu læra þátttakendur flest sem máli skiptir um framrúður ökutækja og aðrar rúður og frágangi þeirra í yfirbyggingu bifreiða. Farið er yfir framleiðslu, endurvinnslu og viðgerðir á framrúðum s.s. stjórnur og sprungur. Fjallað um aðstöðu og tækja- og verkfærabúnað sem þarf vegna vinnu við rúðuskripti. Gerðar æfingar í skiptum á rúðum.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Valur Helgason. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Laugardagur 25. mars, kl. 8.00 – 16.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Hjólstilling

Á námskeiðinu verða skoðaðar ýmsar gerðir og útfærslur stýris- fjöðrunar- og hjólabúnaðar ökutækja. Farið yfir áhrif hjólhorna, stýris- og hjólabúnaðar á aksturseiginleika bifreiða. Gerðar verklegar æfingar í mati á stýris- og hjólabúnaði og stillingum hjólhorna. Þátttaka á þessu námskeiði veitir skráningu á lista Samgöngustofu US.355 yfir þá sem mega gefa út hjóls-töðuvottorð að undangenginni úttekt á viðkomandi vinnustað.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Sveinbjörn Björnsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 8. mars, kl. 13.00 – 18.00 og fimmtudagur 9. mars, kl. 8.00 – 18.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Hjólstilling, endurnýjun réttinda

Eru komin fimm ár síðan?

Námskeið til endurnýjunar fyrir réttthafa til útgáfu hjól-stöðuvottorða ökutækja sem verið hafa tjónaskráð í ökutækjaskrá og við sérskoðun samkvæmt faggildingarlista Samgöngustofu; US.355. Réttindin þarf að endurnýja á fimm ára fresti. Fulltrúar Samgöngustofu kynna breytingar sem orðið hafa á reglugerðum síðustu misserin og leiðbeinendur á sviði bílgreinarinnar fara yfir nýjustu tæknibreytingar í hjóla- og stýrisbúnaði bíla.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Sveinbjörn Björnsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 13. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 21.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Hjólstilling stórra ökutækja

Skoðaðar ýmsar gerðir og útfærslur stýris-, fjöðrunar- og hjólabúnaðar stórra ökutækja. Farið yfir áhrif hjólhorna stýris- og hjólabúnaðar á aksturseiginleika stórra bifreiða. Gerðar verklegar æfingar í mati á stýris- og hjólabúnaði. Hjólstilling gerð í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli framleiðanda.

| | |
|--------------------------------|------------------------------------|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 21.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Lestur bilanakóða

Farið er yfir tölvustýrikerfi hreyfla, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra og virkni kerfanna. Þátttakendum er kynnt úrval aflestrartækja fyrir OBDII, m.a. skanna fyrir stjórnþölvur ökutækja. Sérstaklega farið yfir atriði sem geta valdið skemmdum í tölvukerfum ökutækja. Skoðað er hvernig nota má AVO mæla til að leita lausna á bilunum. Námskeiðið er að mestu verklegt.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Halldór Hauksson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 24. til og með miðvikudagur 26. apríl, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 64.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 19.000 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Loftrískunarkerfi

Farið er yfir hvaða reglugerð gildir um kælimiðla; meðferð, vörslu, mengunarhættu og réttindi til vinnu við loftrískunarkerfi/kælikerfi. Farið yfir grunnatriði um virkni kerfa bæði kælihlutann og stjórnkerfi og greiningu bilana í kerfunum. Verklega er farið í vinnu við kælikerfi, mældur þrýstingur kerfa, tæming og áfylling kælimiðils. Ítarlega farið yfir reglur um nákvæmni vinnubragða og öryggisatriði vegna vinnu við loftrískunarkerfi ökutækja.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 16 klukkustundir. Tímasetning auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 86.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 22.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Mælingar í rafbúnaði

Farið er yfir uppbyggingu og skipulag mælinga með áherslu á verkefnavinnu. Þátttakendur fá þjálfun í notkun helstu mæli- og greiningatækja sem notuð eru við prófanir og viðgerðir rafkerfa og raftækja. Fjallað er um álag, spennufall, leiðni og aðrar grunnmælingar í ökutækjum. Farið ítarlega yfir tengingu mælitækja, aflestur og túlkun upplýsinga sem þau gefa til að lagafæra bilanir.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Halldór Hauksson og Kristján M. Gunnarsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 13. febrúar til og með fimmtudagur 16. febrúar, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 96.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 22.500 kr. |



BÍFVÉLAVIRKJAR - BÍFREIÐASMIÐIR

Plastviðgerðir

Mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar. Þátttakendur afla sér þekkingar á efnauppbyggingu hitaþrastra og hitaþrastra plastefna og fá þjálfun í að greina plastefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Rétt val í viðgerðarefna eftir gerð verkefnisins og verklegar æfingar í samsetningu mismunandi gerða plastefna með heitu lofti og öðrum aðferðum.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Agnar Hólm Kolbeinsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 20. mars og þriðjudagur 21. mars, kl. 9.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 86.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 22.500 kr.: |

ALMENNT

Rafbílar - Mitsubishi

Farið er yfir virkni helstu íhluta og búnað Mitsubishi rafbíla. Fjallað um uppbyggingu og virkni háspennurafhlaða og hvernig búnaðurinn starfar. Heimahleðsla og hraðhleðsla. Hvernig er hagkvæmast að reka og nota þessa bíla. Sérstök áhersla er lögð á öryggi og fjallað um hættur við vinnu og viðhald rafbíreiða með sterkstraumsrafhreyfla/rafala og háspennurafhloður.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Magnús E. Halldórsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 27. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 21.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.500 kr. |

ALMENNT

Rafbílar – Nissan og Renault

Skoðaðir eru rafbílar frá Nissan og Renault. Farið er yfir virkni helstu íhluta og búnað rafbíla. Fjallað um uppbyggingu og virkni háspennurafhlaða og hvernig búnaðurinn starfar. Heimahleðsla og hraðhleðsla. Hvernig er hagkvæmast að reka og nota þessa bíla. Sérstök áhersla er lögð á öryggi og fjallað um hættur við vinnu og viðhald rafbíreiða með sterkstraumsrafhreyfla/rafala og háspennurafhloður.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Símon Ólafsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 28. mars og miðvikudagur 29. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

ALMENNT

Rafbílar – VW og Audi

Skoðaðir eru rafbílar frá Volkswagen Group. Gerð og virkni aflkerfa rafbíla frá VW og Audi. Farið er yfir virkni helstu íhluta og búnað rafbíla. Fjallað um uppbyggingu og virkni háspennurafhlaða og hvernig búnaðurinn starfar. Æfingar í að aftengja háspennukerfi samkvæmt upplýsingum framleiðanda. Sérstök áhersla er lögð á öryggi og fjallað um hættur við vinnu og viðhald rafbíreiða með sterkstraumsrafhreyfla/rafala og háspennurafhloður.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Guðmundur Viðar Hreinsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 22. mars og fimmtudagur 23. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

ALMENNT

Rafbílar sem skemmast

Yfirlit um rafbíla. Farið yfir aðkomu að árekstrarstað þar sem rafbíll á í hlut. Fjallað um flutning á tjónuðum rafbil og geymsla. Hvar má nálgast upplýsingar um einstakar gerðir rafbíla og aðgerðir á þeim. Farið yfir öryggiskröfur um vörslu, umgengni og notkun hlífðar- og öryggisbúnaðar vegna háspennu og efnahættu af rafbifreiðum.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Ingibergur Elíasson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 19. apríl, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 21.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.500 kr. |

BIFREIÐASMIÐIR

Samsetningar - samskeytingar

Yfirbyggingar bifreiða

Farið yfir hvernig framleiðendur haga samsetningu umskiptanlegra hluta; límdra, hnoðaðra eða þegar notaðar eru aðrar aðferðir en málmstuða til að setja nýjan yfirbyggingarhlut í ökutæki. Skoðaðir eru ýmsir efnaflokkar og hvar leita skuli upplýsinga um vinnuaðferðir við notkun þeirra.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Kennari frá IÐUNNI fræðslusetri. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 8 klukkustundir. Tímasetning auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – SUÐUMENN

Suðupjálfun í fyrirtækjum

Sérfræðingur IÐUNNAR í málmstuðu mætir í fyrirtæki, metur þekkingu og leikni þátttakenda í þeim suðuaðferðum sem notaðar eru. Kennsla og þjálfun byggist á þessu mati. Ef um hæfnispróf er að ræða leggur sérfræðingur IÐUNNAR prófið fyrir og kemur prófstykkjum til vottaðs matsaðila.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Hilmar Brjárn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltækni-fræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða viðkomandi fyrirtæki. |
| Tími: | Samkomulag. |
| Fullt verð: | Eftir umfangi. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 1/3 af fullu verði. |

BÍLAMÁLARAR

Spraututækni

Farið yfir mikilvægi skipulagningar við málningarvinnu og aðferðir þar að lútandi. Fjallað er um skipulagsferli við réttingar með tilliti til málunar og gerð verkefni. Skoðað hvernig skuli eiga við galla í lakki og fyrirmæli OEM reglna. Skoðað mikilvægi þess að gera þannig við tjónuð ökutæki að þau haldi framleiðsluábyrgð.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Agnar Hólm Kolbeinsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Laugardagur 27. maí, kl. 8.00 – 18.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

BIFREIÐASMIÐIR

Suðunámskeið fyrir bifreiðasmiði

Námskeiðið er gert fyrir bifreiðasmiði. Farið er yfir málmtegundir í ökutækjum, hvernig meðhöndlun þær hafa fengið í framleiðslu, hvernig á að sjóða saman, hvaða suðuvélar eru notaðar. Hver eru fyrirmæli framleiðenda um hvað þarf til að viðhalda ábyrgð eftir viðgerð.

| | |
|----------------------|------------------------------------|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími og verð: | Auglýst síðar. |



ALMENNT

Tæknienska bíla

Skoðaður texti úr ýmiskonar lesmáli viðgerðaleiðbeininga og upplýsinga bæði á prenti og skjá sem varðar ökutæki og búnað þeirra. Farið yfir aðgengi að orðabókum, orðalistum, orðaskýringum o.þ.h. Þátttakendur skoða sérstaklega efni sem þá sjálfa varðar eða er úr daglegu umhverfi þeirra.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Hreinn Óskarsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 8 klukkustundir. Tímasetning auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

BIFVÉLAVIRKJAR - BIFREIÐASMIÐIR

Tölvukerfi - Netkerfi

Tölvukerfi sem starfa samkvæmt OBD ökutækjastaðli og samskiptanetkerfið CAN-bus. Þátttakendur afla sér þekkingar á virkni rafeindabúnaðarins og samskiptum kerfa. Farið yfir notkun viðeigandi mælitækja, sveiflusjár og búnaðar við bilanagreiningu. Áhersla er lögð á verklegar æfingar og mat á niðurstöðum prófana.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Kristján M. Gunnarsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 6. mars og þriðjudagur 7. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | |

ALMENNT

Verkstæði og rekstur

Rætt um verkstæðisrekstur. Skoðuð kerfi framleiðenda bifreiða sem eiga að hjálpa við að ná árangri í rekstri. Farið yfir hluta af þjónustu- og kaupalögum. Nauðsyn þess að gera verksamning við viðskiptavini. Hvað þarf að hafa í huga frá því að bíll er bókaður inn á verkstæði til viðgerðar og þangað til hann er afhentur viðskiptavini eftir viðgerð.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Magnús E. Halldórsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Laugardagur 18. mars, kl. 8.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

ALMENNT

Viðgerðaráætlanir verkefna

Fjallað um áætlanagerð og sundurliðun verkefna í viðgerðum á ökutækjum með tilliti til gæðatryggðra verkferla og viðurkenningar hæfni viðkomandi til að vinna tiltekin verk. Farið yfir skipulag vinnu og gerð kostnaðaráætlana bæði hvað varðar ökutækjateljón og viðgerðir. Gerð áætlun um vinnutíma einstakra verkþátta, bæði vegna beinna viðgerða og tengdra verkefna. Áætlanir um efnis- og varahlutapörf og kostnað vegna þessa.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Valur Helgason. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Laugardagur 29. apríl, kl. 9.00 - 17.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.500 kr. |

Prentsmíð, prentun og bókkband

Nýtt líf eftir starfslok

Hér er fjallað um þær breytingar sem verða á lífi fólks við starfslok. Við tekur tímabil sem hægt er að njóta á ýmsan máta. Fjallað verður um lífeyrismál, réttindi hjá TR, eignastýringu og sparnað, endurskipulagningu fjármála, áhrif hreyfingar og næringar á heilsfar, tómstundir áhugamál og félagslíf.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Sigprúður Guðmundsdóttir og fleiri sérfræðingar. |
| Akueyri: | Skipagata 14, Akureyri. Fimmtudagarnir 9. og 16. febrúar, kl. 9.00 – 15.00. |
| Reykjavík: | 24. og 31. janúar og 7. og 14. febrúar, kl. 9-12. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Fullt verð: | 60.800 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 20.800 kr. |

Prent- og miðlunardagurinn

Þetta er í þriðja sinn sem þessi dagur er haldinn. Í upphafi dags verður fræðsla um ýmis mál tengd prent- og miðlunargreinum. Stuttir fyrirlestrar verða um hönnun, framtíðina, hönnun og svo bland í poka. Að fræðslu lokinni verður uppistand, tónlist og léttar veitingar.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Fjöldi sérfræðinga. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Föstudagur 27. janúar, kl. 15.00 - 20.00. |
| Fullt verð: | Ókeypis. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | Ókeypis. |



Adobe DC og prentiðnaðurinn

Farið er yfir breytingar sem orðið hafa á Acrobat. Skoðað er hvernig samskipti milli MS Office. Einnig er skoðað hvernig hægt er að nota skönnuð skjöl og myndir úr snjallsímum til þess að búa til lifandi enskan texta. Preflight hluti Acrobat verður skoðaður sérstaklega en mjög gott er fyrir fólk í okkar geira kunna smá skil á þeim þætti.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Ian Sayers. |
| Staðsetning: | Einingis kennt í fjarnámi. |
| Tími: | Föstudagur 3. febrúar, kl. 14.00 – 16.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.000 kr. NÝTT AÐESINS FJARNÁM |

Daglegur rekstur prentvéla

Ertu að sinna viðhaldinu?

Einkar mikilvægt er að sinna reglulegu viðhaldi prentvéla. Á þessu námskeiði verður farið í daglegt viðhald. Skoðaðar verða véladagbækur, gerðar verða mælingar á vatni, ásamt því að harka á vatni verður könnuð. Framkvæmdar verða mælingar á fontblöndu (ph og leiðni). Farið verður í viðhald valsa, pökkun á gúmmíúdkum og fleira.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Ragnar Kristjánsson og Heimir Örn Gunnarsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 6. og þriðjudagur 7. febrúar, kl. 14.00 – 18.00. |
| Fullt verð: | 40.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.000 kr. |

Margbreytileiki pappírs NÝTT NÁMSKEIÐ

Gefðu hugmyndafluginu lausan tauminn.

Pappír er ótrúlega skemmtilegt efni og hægt að búa til ótrúlegustu hluti úr honum. Þátttakendur fá tækifæri til að búa til pappírslstavverk undir handleiðslu kennara. Stefnt er að sýningu á pappírsverkum að námskeiði loknu.

Kennari: Ragnhildur Jóhannsson.
Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími: 8., 15. og 22. febrúar kl. 18.00 - 22.00.
Fullt verð: 60.800 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR: 20.800 kr.

InCopy - Snark NÝTT FJARNÁM Í BOÐI

Hér á ferðinni textaritill fyrir InDesign skjöl. Á meðan hannað og brotið er um í InDesign, vinnur annar textaþáttinn í InCopy með beina tengingu inn í umbrotsskjalið. Að nota þessi forrit saman hentar vel vinnustöðum þar sem hægt er að skipta hlutverkum milli fólks og vinna samtímis að sama verkinu

Kennari: Sigurður Ármannsson.
Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími: Þriðjudagur 14. febrúar, kl. 17.00 – 21.00.
Fullt verð: 20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR: 6.000 kr.

Straumlínustjórnun (Lean management) FJARNÁM Í BOÐI

Straumlínustjórnun (e. Lean Management) er aðferðafræði sem snýr að því að hámarka virðissköpun í fyrirtækjum með því að koma í veg fyrir sóun. Þátttakendur kynnst hugmyndafræði straumlínustjórnunar og spreyta sig á helstu tólum sem notuð hafa verið til innleiðingar á aðferðafræðinni í fyrirtækjum. Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða á námskeiðinu og gagnvirk flæði þátttakenda og leiðbeinanda.

Kennari: Lóa Fatou Einarsdóttir.
Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími: Miðvikudagur 8. og fimmtudagur 9. mars, kl. 14.00 – 18.00.
Fullt verð: 40.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR: 12.000 kr.



Adobe Premiere I

FJARNÁM Í BOÐI

Yfirferð á grunnþáttum og möguleikum fyrir mynd- og hljóðvinnslu í PremierPro CC. Nemendur læra að flytja inn myndbrot, fá grófa þekkingu á klippimöguleikum, bæta inn texta, tónlist og grafík. Kynntir möguleikar á tengingu við AfterEffects fyrir flóknari brellugerð. Kynning á hugtakinu "codec" og notkun MediaEncoder CC til að útbúa allskyns afhendingarskrár fyrir mismunandi miðla og áhorfstækni.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Konráð Gylfason. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 21., 22. - 23. febrúar, kl. 17.00 – 22.00. |
| Fullt verð: | 60.800 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 20.800 kr. |

Trello tæklar verkefnin

FJARNÁM Í BOÐI

Hér er á ferðinni stórskemmtilegt námskeið. En hvað er Trello? Það er einkar einfaldur hugbúnaður sem auðveldar verkefna-stjórnun þar sem hægt er að vista verkefni inn á Trello töflum og deila með þeim sem vinna saman að verkefni.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Sigurður Fjalar Jónsson, markaðsstjóri IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 1. mars, kl. 17.00 – 19.00. |
| Fullt verð: | 15.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 3.000 kr. |

Adobe InDesign grunnur

FJARNÁM Í BOÐI

Þegar lært er á nýtt forrit er best að fá góðar leiðbeiningar strax í byrjun svo leiðin áfram verði greiðfær. Markmið þessa námskeiðs er að koma þeim sem lítið hafa notað InDesign áður hratt inn í helstu eiginleika forritsins og verklag við notkun þess. Farið er í helstu grunnatriði og algengustu viðfangsefni við gerð bæklinga, auglýsinga og veggspjalda.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Sigurður Ármannsson . |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 7. og miðvikudagur 8. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 40.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.000 kr. |

Pappírskólinn

NÝTT NÁMSKEIÐ

Allt sem þig langaði að vita um pappír en þorðir ekki að spyrja

Guðjón Sigurðsson hefur áratuga reynslu af pappírinnflutningi hér á landi. Hann mun fara í gegnum helstu gerðir pappírs og eiginleika. Spjall um pappír verður á seinni hluta námskeiðsins og þar gefst þátttakendum tækifæri á að spyrja spurninga. Námskeiðið er ætlað starfsfólki í hönnun, prent- og útgáfuiðnaði.

| | |
|--------------------------------|---------------------------------------|
| Kennari: | Guðjón Sigurðsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 13. mars kl. 14.00 – 18.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.000 kr. |



„Ég hef sótt námskeið hjá IÐUNNI fræðslusetri undanfarin misseri. Þau hafa gagnast mér vel í mínu starfi. Leiðbeinendur hafa verið vel valdir og námskeið góð. Mæli með þeim og mun halda áfram að sækja þau.“

Gylfi Geir Guðjónsson prentari og verkstjóri hjá Landsprenti

FJARNÁM Í BOÐI

Adobe Illustrator grunnur

Þetta er ekkert mál!

Það er ekki mjög auðvelt að læra á Illustrator á eigin vegum og mörg atriði forritsins geta þvælst endalaust fyrir. Nú gefst einstakt tækifæri á að læra hratt á forritið á námskeiði hjá kennara sem hefur notað Illustrator frá útgáfu 1.0. Þetta námskeið hentar þeim sem eru að byrja að nota forritið og þeim sem hafa verið að nota það, jafnvel í mörg ár, en hafa aldrei náð almennilegum tökum á því.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Sigurður Ármannsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 14. og miðvikudagur 15. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 40.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.000 kr. |

NÝTT NÁMSKEIÐ

Creative brief, hvað er það?

Jú - Creative Brief eða hönnunarágrip er nauðsynlegt. Nei - þetta er ekki mest gefandi hlutinn af verkefninu, og nei, þú færð ekki að nota Photoshop. Farið verður yfir mikilvægi hönnunarágríps, muninn á því og kúnnaágrípi, uppbyggingu og hvernig vinna eigi með eitt slíkt. Nánar á idan.is.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Lóa Dís Finnsdóttir, grafískur hönnuður FÍT. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 21. mars, kl. 18.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 15.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.500 kr. |

NÝTT NÁMSKEIÐ

Stafræna myndasafnið

Skipulag, hýsing og miðlun

Á þessu gagnlega námskeiði verða kynntar til sögunnar ýmsar leiðir til að koma böndum á stafræna myndasafnið, hýsa stafrænar myndir og miðla þeim áfram. Einnig verða sýndar aðferðir til að flytja gamla ljósmyndasafnið yfir á stafrænt snið á einfaldan hátt.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Sigurður Fjalar Jónsson og Ingi Rafn Ólafsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagana 14. og 21. mars, kl. 18.00 - 22.00. |
| Fullt verð: | 40.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.000 kr. |

FJARNÁM Í BOÐI

WordPress – minn eigin vefur

Á námskeiðinu kynnst þátttakendur Wordpress vefumsjónarkerfinu og nýta það til að setja upp eigin vef frá grunni. Wordpress er opinn og ókeypis hugbúnaður og hentar einstaklega vel sem vefumsjónarkerfi fyrir litla og meðalstóra vefi. Námskeiðið er því kjörið fyrsta skref fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja koma sér upp vef. Í kjölfar námskeiðsins verður boðið upp á ráðgjöf og vinnustofur fyrir þá sem það vilja.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Sigurður Fjalar Jónsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 22. og fimmtudagur 23. mars, kl. 17.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.000 kr. |

NÝTT NÁMSKEIÐ

Láttu hugmyndirnar flæða

Ræðum og prófum. Hugmyndaflæði þekkjum við öll. En virkar það alltaf? Ertu að nota það rétt og ertu alltaf með sömu aðferðina? Tíminn er hugsaður sem hópefli og hugmyndaauðgi. Markmiðið er að þátttakendur fái ferskar flæði-aðferðir sem hópurinn hefur skoðað og mótað saman. „Learning by doing“. Nánar á idan.is.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Lóa Dís Finnsdóttir, grafískur hönnuður FÍT. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Föstudagur 21. mars kl. 18.00 – 21.00. |
| Fullt verð: | 15.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.500 kr. |

Brotið á marga vegu

Hugsað út úr kassanum!

Bókbindarar fá reglulega fyrirspurnir um alls kyns afbrigði af brotum til að láta flókin prentverkefni ganga upp. Á þessu námskeiði verður farið í gegnum all margar gerðir af afbrigðilegu broti. Kennslan verður bæði í fyrirlestraformi og verklegri kennslu. Kennst verður hjá IÐUNNI og í fyrirtæki. Námskeiðið er í samvinnu við Nýherja.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Erlendur fyrirlesari – tilkynnt síðar. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 27. mars kl. 9.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 10.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 3.500 kr. |

„Námskeiðin hjá IÐUNNI eru frábær í alla staði, hvort sem er til gagns eða gamans.“




Björk Gunnarsdóttir, prentsmiður í Litlaprenti.

27.1.17 

DAGUR  PRENTS
OG  MIÐLUNAR 


Dagur prents og miðlunar verður haldinn 27. janúar 2017. Á dagskránni er fræðsla um hönnun, umbúðir og pappír, framtíðina og bland í poka. Húsið opnar kl. 15. Tónlist og uppistand frá kl. 18–20.





Húsmiðir, dúklagningamenn, húsgagnasmíðir, pípulagningamenn, málarar og múrarar

BYGGINGAMENN

Brunapéttingar

Iðnmeistarinn er ábyrgur fyrir brunapéttingum í sínu fagi

Þetta námskeið er fyrir alla sem koma að byggingarframkvæmdum. Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á reglum um brunapéttingar og efnum sem notuð eru til þeirra. Að loknu námskeiði fá þátttakendur viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun sem er samstarfsaðili um námskeiðið.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Guðmundur Gunnarsson, fagstjóri eldvarna hjá Mannvirkjastofnun. |
| Reykjavík: | Fimmtudagur 9. febrúar, kl. 13.00 - 17.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagördum 20. |
| Reyðarfjörður: | Fimmtudagur 9. mars, kl. 13.00 - 17.00. Austurbrú Reyðarfirði. |
| Sauðárkrókur: | Þriðjudagur 28. febrúar, kl. 13.00 - 17.00. Farskólinn Faxatorgi. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Loftun byggingarhluta

Til að hindra rakamyndun og myglu

Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna við frágang byggingarhluta sem mynda ytra byrði húsa s.s. þaka og útveggja. Markmið þess er að fræða þátttakendur um loftun byggingarhluta og hlutverk hennar við að hindra myndun raka og myglu. Fjallað er um raka í byggingum og byggingarefnum og farið í gegnum deililausnir í mismunandi gerðum bygginga og byggingarhluta.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Björn Marteinnsson arkitekt og verkfræðingur og Jón Sigurjónsson, verkfræðingur. |
| Reykjavík: | Föstudagur 24. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 25. febrúar, kl. 9.00 - 13.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagördum 20. |
| Selfoss: | Föstudagur 24. mars, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 25. mars, kl. 9.00 - 13.00. Austurvegur 56, Selfossi. |
| Fullt verð: | 30.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 6.000 kr. |



BYGGINGAMENN

Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarframkvæmdir

Öryggið á oddinn

Þetta námskeið er fyrir byggingarmenn sem þurfa að gera öryggis- og heilbrigðisáætlanir fyrir sína vinnustaði. Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á gerð þessara áætlana og geti sjálfir gert þær að loknu námskeiði. Farið er í gegnum helstu þætti og kröfur sem gerðar eru til innihalds öryggis- og heilbrigðisáætlana.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Steinar Harðarsson, vinnuverndarráðgjafi. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 31. janúar, kl. 13.00 - 17.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 4.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Hljóðvist í húsum

Þetta er námskeið fyrir fagmenn í byggingariðnaði sem starfa við frágang veggja, lofta, gólfa og annarra byggingarluta. Markmið þess er að kenna þátttakendum réttan frágang og grundvallaratriði varðandi hljóðvist. Fjallað er um hljóðeinangrun, hljóðhöggeinangrun, hljóðísog, ómtíma og önnur atriði sem snerta hljóðvist. Farið er yfir frágang og notkun byggingarefna sem henta hverju tilfelli fyrir sig.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Steindór Guðmundsson, hljóðverkfræðingur hjá Verkís. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 28. mars, kl. 13.00 - 18.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 4.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Raki og mygla í húsum I

Að læra að þekkja og fyrirbyggja rakavandamál í húsnæði

Á þessu námskeiði verður fjallað um raka í húsnæði og myglusveppi sem iðulega fylgja viðvarandi raka í byggingarefnum. Markmið þess er að að kenna þátttakendum að þekkja myglu og kynna þeim ráðstafanir gegn henni. Farið verður yfir helstu galla á byggingarfræðilegum lausnum og helstu mistök við byggingu húsa sem orsaka leka- og rakavandamál í húsum og hvernig megi koma í veg fyrir þau. Farið verður lauslega í loftun og útreikninga á rakastreymi gegnum byggingarhluta. Fjallað verður um byggingarraka og greiningu rakaskemmda. Fjallað verður um lífsskilyrði myglusveppa, hvar þeir þrífast, hvernig má finna þá og uppræta.

Kennarar: Sylgja Sigurjónsdóttir, líffræðingur, CMI og CMRC vottun og Kristinn Alexandersson, byggingartæknifræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Þriðjudagur 14. febrúar, kl. 13.00 – 19.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 4.000 kr.

BYGGINGAMENN

Raki og mygla í húsum II

Hvernig á að losna við vandamálið?

Þetta er framhaldsnámskeið um raka og myglu í húsum. Æskilegt er að þátttakendur hafi setið fyrra námskeiðið Raki og mygla í húsum I. Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum. Farið er yfir aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Kynntar verða lauslega niðurstöður rannsókna vegna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Fjallað verður um enduruppbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum og bent á atriði til umhugsunar við notkun byggingarefna.

Kennarar: Sylgja Sigurjónsdóttir, líffræðingur, CMI og CMRC vottun og Kristmann Magnússon, byggingartæknifræðingur.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Fimmtudagur 9. mars, kl. 13.00 – 19.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 4.000 kr.

BYGGINGAMENN

Ábyrgð byggingastjóra

Gerir þú þér grein fyrir ábyrgðinni?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingafrákvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur. Markmið þess er að upplýsa þá um ábyrgð sína og skyldur sem byggingarstjórar. Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingaryfirvöld og farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkfrákvæmdir.

Kennarar: Magnús Sædal Svavarsson byggingatæknifræðingur og Gunnar Pétursson lögfræðingur

Reykjavík: Föstudagur 10. mars, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 11. mars, kl. 9.00 - 13.00. ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Reykjavík: Föstudagur 5. maí, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 6. maí, kl. 9.00 - 13.00. ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Selfoss: Föstudagur 3. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 4. febrúar, kl. 9.00 - 13.00. Austurvegur 56, Selfossi.

Lengd: 8 kennslustundir.

Fullt verð: 45.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 7.000 kr.

BYGGINGAMENN

Gæðakerfi í byggingariðnaði

Gæðakerfi SI

Þetta námskeið er fyrir alla stjórnendur, iðnmeistarar, byggingarstjóra, hönnuði og eftirlitsaðila í mannvirkjagerð. Markmiðið er að þátttakendur kynnist kröfum um gæðastjórnun í lögum um mannvirki og í kröfum opinberra verkkaupa. Þátttakendur kynnst og gera stuttar æfingar í gæðakerfi Samtaka iðnaðarins. Farið er í saumana á hugtökum gæðastjórnunar ásamt lögum og reglum og sýnt fram á ótvíráðan ábata þeirra sem tileinka sér aðferðafræði gæðastjórnunar. Ítarleg námskeiðsgögn með leiðbeiningum á mannamáli.

Kennari: Ferdinand Hansen, verkefnastjóri Gæðastjórnunar hjá SI.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.
Tími: Föstudagur 27. janúar, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 28. janúar, kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 40.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 8.000 kr.

BYGGINGAMENN

Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka

Fyrir rekstur í smáum stíl

Þetta námskeið er ætlað minni fyrirtækjum og iðnmeisturum sem starfa sem undirverktakar og/eða einyrkjar í bygginga- og mannvirkjagerð. Markmið þess er að kynna grundvallaratriði gæðakerfa. Farið er yfir kröfur til iðnmeistara um gæðastjórnun og gæðakerfi í mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og hvernig hægt er að bregðast við þeim. Farið er yfir kröfur um hæfni iðnmeistara, samning á milli byggingarstjóra og iðnmeistara, innra eftirlit iðnmeistara og skráarvistun.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Ferdinand Hansen, verkefnastjóri Gæðastjórnunar hjá SI. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 7. febrúar, kl. 13.00 – 18.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Gæðakerfi í Sharepoint – Office 365

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara, starfsmenn byggingarfyrirtækja og aðra sem vinna með gæðakerfi í byggingariðnaði. Markmið þess er að kenna þátttakendum notkun helstu möguleika sem felast í Office 365 með tengingu við SharePoint og flýtleiðir í Windows 10. Fjallað er um hvað er í boði með Office 365, hvað er Share Point og möguleikar gæðakerfa í því. Einnig flýtleiðir og aðgerðir í Windows 10 og annað sem kemur að góðum notum í vinnu við stjórnun og gæðakerfi.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Ferdinand Hansen, verkefnastjóri Gæðastjórnunar hjá SI. |
| Reykjavík: | Þriðjudagur 14. febrúar, kl. 13.00 – 18.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Akureyri: | Þriðjudagur 24. janúar, kl. 14.00 - 19.00. Skipagötu 14, Akureyri. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Stjórnun á verkstað

Verkstjóranámskeið

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og starfsmenn verktakafyrirtækja sem stýra verkum eða hópum á byggingarsvæði. Markmið þess er að efla stjórnendur í þeim verkefnum sem upp koma við byggingarframkvæmdir. Fjallað er um vinnu undir álagi, skipulag og ráðstöfun vinnutímans, hlutverk og ábyrgð stjórnandans. Farið er yfir samskipti og skipulag í verkefnum, utanumhald um samskipti í tölvupósti og helstu verkþætti í byggingarverkefnum.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Gunnar Jónatansson, ráðgjafi. |
| Reykjavík: | Föstudagur 10. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur, 11. febrúar kl. 9.00 - 15.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Akureyri: | Föstudagur 3. mars, kl. 14.00 - 17.00 og laugardagur 4. mars, kl. 9.00 - 15.00. Skipagötu 14, Akureyri. |
| Fullt verð: | 40.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 8.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Raunkostnaður útseldrar þjónustu

Að reikna „rétt“ verð

Þetta er námskeið fyrir þá sem selja út vinnu, efni og tæki. Hér er m.a. kennt á forritið TAXTA sem gerir þátttakendum kleift að átta sig á einfaldan hátt á því hver raunkostnaður er að baki útseldri vöru og þjónustu. TAXTI er líkan sem byggir á raunverulegum tölum um kostnað úr eigin rekstri. Út frá þeim reiknar TAXTI kostnað og nauðsynlegan hagnað af vöru og þjónustu. Þátttakendur munu að loknu námskeiði geta reiknað út verð á útseldri vinnu starfsmanna, verð á útseldri vélavinnu og vöruverð.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Ferdinand Hansen, verkefnastjóri Gæðastjórnunar hjá SI og Eyjólfur Bjarnason byggingatæknifræingur. |
| Reykjavík: | Þriðjudagur 28. febrúar, kl. 13.00 – 18.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Akureyri: | Þriðjudagur 21. febrúar, kl. 13.00 - 18. Símei, Þórsstíg 4. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.000 kr. |



BYGGINGAMENN

Húsgagnagerð úr skógarefni

Skógarnytjar

Þetta námskeið er fyrir alla sem vilja læra hvernig hægt er að smíða úr því efni sem er að falla til við grisjun. Á námskeiðinu læra þátttakendur að nýta grisjunarefni í húsgagnagerð og aðrar hagnýtar nytjar, kynnast eiginleikum einstakra viðartegunda og nýtingu þeirra, setja saman kolla og bekki úr greinaefni og bolviði/skógarfjölum. Einnig kynnast þeir fersku og þurru efni og samsetningu þess og læra að afberkja, ydda, setja sama og fullvinna húsgögnin, yfirborðsmeðferð og fúavörn. Öll verkfæri og efni er til staðar en þátttakendur mæta í vinnufatnaði á námskeiðið. Allir fara heim með einn koll og bekk. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

Kennari: Ólafur Oddsson, fræðslufulltrúi
Skógræktar ríkisins og verkefnisstjóri
Lesið í skóginn.

Staðsetning: Snæfoksstaðir í Grímsnesi.

Tími: Föstudagur 10. mars, kl. 16.00 – 19.00
og laugardagur 11. mars, kl. 9.00 – 16.00.

Fullt verð: 30.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 6.000 kr.

BYGGINGAMENN

Hnífasmiði

Að smíða sín eigin áhöld

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja læra að smíða hnífa og önnur áhöld. Markmið þess er að kenna þátttakendum smíði úr stáli og efnum í skefti og slíður. Þátttakendur fá hnífsblað (geta valið úr nokkrum gerðum), efni í skaft (einnig hægt að velja úr nokkrum viðartegundum) og leður í slíður. Blaðið er skeft og síðan er hnífurinn slíðraður þannig að menn fullklára hníf og slíðra á námskeiðinu.

Kennari: Páll Kristjánsson, hnífasmíður.

Staðsetning: Álafoskvos, Mosfellsbæ.

Tími: Laugardagur 4. febrúar, kl. 9.00 - 16.00
og sunnudagur 5. febrúar,
kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 30.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 6.000 kr.

BYGGINGAMENN

LEAN í byggingariðnaði NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistarar og starfsmenn byggingar-fyrirtækja sem stýra byggingarframkvæmdum. Markmið þess er að kynna þátttakendum LEAN straumlínustjórnun og notkun hennar í byggingariðnaði. Farið er í gegnum hugmyndafræði LEAN og notkun helstu aðferða við stjórnun framkvæmda.

Kennari: Svavar H. Viðarsson ráðgjafi.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 24. febrúar,
kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur
25. febrúar, kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 20.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.

BYGGINGAMENN

Sketchup

Teikniforrit fyrir alla – ókeypis á Netinu

Þetta námskeið er ætlað öllum sem vilja rissa upp teikningar og setja upp í þrívídd. Teikniforritið SketchUp er ótrúlega einfalt í notkun og allir geta nálgast það ókeypis á Netinu. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum undirstöðuatriði í notkun forritsins, helstu skipanir og aðgerðir. Á námskeiðinu eru unnin þrjú einföld verkefni sem gefa góða mynd af notkun forritsins.

Kennari: Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 17. febrúar,
kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur
18. febrúar, kl. 9.00 - 15.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA



Fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði. www.idan.is/postlisti

BYGGINGAMENN

Tálgun I

Ferskar viðarnytjar

Þetta er námskeið fyrir þá sem vilja læra hvernig hægt er að nota ferskan við úr skóginum, garðinum eða sumarbústaðarlandinu. Markmið þess er að kenna þátttakendum örugg vinnubrögð og að lesa í skógarefnið út frá útliti, eiginleikum og notagildi gripanna sem tálga á. Þátttakendur kynnst ýmsum íslenskum viðartegundum, eiginleikum þeirra og nýtingarmöguleikum og læra að tálga nytjahluti og skrautmuni úr þeim.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Ólafur Oddsson fræðslufulltrúi Skógræktar ríkisins og verkefnisstjóri Lesið í skóginum. |
| Staðsetning: | Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjum, Ölfusi. |
| Tími: | Föstudagur 31. mars, kl. 16.00 – 19.00 og laugardagur 1. apríl, kl. 9.00 – 16.00, |
| Fullt verð: | 26.000 kr. |
| Verð til aðila ÍDUNNAR: | 5.000 kr. |

BYGGINGAMENN

BREEAM vottun verktaka

Þetta er námskeið fyrir fagmenn í byggingariðnaði sem vinna við byggingu húsa í samræmi við kröfur um vistvænar byggingar. Markmið þess er að kynna þátttakendum notkun á BREEAM vottunarkerfinu. Fjallað er um kröfur til vistvænna bygginga og hvernig kerfið er notað til að uppfylla þær.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Heiðís Búadóttir gæðastjóri BREEAM hjá Eykt. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 15. febrúar, kl. 13.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila ÍDUNNAR: | 4.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Árangursrík samskipti

Betri mórall

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og aðra stjórnendur í byggingariðnaði sem eru með mannaforráð. Markmið þess er að auka hæfni þátttakenda í að eiga samskipti við undirmenn, verkkaupa og aðra sem koma að verkum. Góð samskiptafærni er gríðarlega mikilvæg og getur skipt sköpum varðandi farsæld í starfi og einkalífi. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að þátttakendur átti sig á eigin samskiptamynstrum. Hver og einn kortleggur hvað sé gagnlegt og árangursríkt í samskiptastíl viðkomandi og hvað mætti betur fara. Sérstaklega er farið yfir vænlegar leiðir til að ná fram breytingum í samskiptamynstrum, samvinnu í hóp og leiðir til að breyta hegðun starfsmanna.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Sigríður Hulda Jónsdóttir, ráðgjafi. |
| Reykjavík: | Miðvikudagur 1. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og miðvikudagur 15. febrúar, kl. 13.00 - 17.00. ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Akureyri: | Miðvikudagur 8. febrúar, kl. 14.00 - 18.00 og miðvikudagur 22. febrúar, kl. 14.00 - 18.00. Skipagötu 14, Akureyri. |
| Fullt verð: | 25.000 kr. |
| Verð til aðila ÍDUNNAR: | 5.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Húsgagnagerð úr skógarefni 2

Meiri skógarnytjar

Þetta námskeið er fyrir þá sótt hafa námskeiðið Húsgagnagerð 1. Á námskeiðinu hanna þátttakendur og vinna frummyndir úr greinaefni og rífa upp verklag og notkun áhalda frá fyrri námskeiði og byggja ofan á þá reynslu. Einnig læra þátttakendur að sækja sér efni í skóg til að útbúa greinahaldara. Unnið verður með grannt grisjunarefni og er haldið áfram með vinnu úr fersku og þurru efni og samsetningu þess. Ennfremur er unnið með afberkingu, yddara og samsetningu á húsgögnum. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands. Öll verkfæri og efni eru til staðar. Þátttakendur þurfa að vera í vinnufatnaði á námskeiðinu og taka með fatnað til útiveru. Allir fara heim með afrakstur námskeiðsins.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Ólafur Oddsson fræðslufulltrúi Skógræktarinnar og verkefnisstjóri Lesið í skóginum og Ólafur G.E.Sæmundsen skógtæknir. |
| Staðsetning: | Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum í Grímsnesi. |
| Tími: | Föstudagur 17. mars, kl. 16:00-19:00 og laugardagur 18. mars, kl. 09:00-16:00 |
| Fullt verð: | 30.000 kr. |
| Verð til aðila ÍDUNNAR: | 6.000 |

BYGGINGAMENN

Eldsmíði

Þetta námskeið er fyrir fagmenn sem vilja læra að smíða verkfæri. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum að vinna með glóandi járn sem hitað er í afli og slegið er út á steðja á sama máta og gert hefur verið í 2000 ár. Smíðaðir verða naglar, snagar, skóhorn og hnífsblað sem síðan er hert, auk einfaldra æfingastykkja. Námskeiðið er að mestu leyti verklegt.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Bjarni Þór Kristjánsson. |
| Staðsetning: | Safnasvæðið Akranesi. |
| Tími: | Laugardagur 21. janúar, kl. 9.00 - 16.00, sunnudagur 22. janúar, kl. 9.00 - 16.00 og laugardagur 28. janúar kl. 9.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 35.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 7.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Brýnsla verkfæra

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir fagmenn sem vilja vinna með beittari verkfæri. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum að brýna verkfærin þannig að þau bítu vel og að viðhalda bitinu. Farið verður í gegnum helstu áhöld og aðferðir við brýningu. Námskeiðið er að mestu leyti verklegt og eiga þátttakendur að koma með verkfæri sem þeir vilja brýna.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Bjarni Þór Kristjánsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Fimmtudaginn 23. mars, kl. 16.00 - 20.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Torf- og grjóthleðsla

Byggingaraðferðir forfeðranna

Námskeiðið er ætlað öllum þeim er vilja læra hvernig hægt er að byggja úr torfi og grjóti. Hvort sem um ræðir vegg, kartöflukofa eða önnur smærri mannvirki. Þátttakendur fá innsýn í íslenska byggingararfleið og kynnst verklagi við byggingu úr hefðbundnu íslensku efni. Fjallað verður um íslenska torfbæinn, uppbyggingu hans, efnisval og framkvæmd. Einnig verður fjallað um hleðslu frístandandi veggja og stoðveggja úr torfi og grjóti. Lögð er áhersla á verklega kennslu. Hlaðinn verður veggur o.fl. á námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Guðjón Kristinsson, torf- og grjóthleðslumeistari. |
| Staðsetning: | Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjum Ölfusi. |
| Tími: | Föstudagur 21. apríl, kl. 9.00 - 16.00 og laugardagur 22. apríl, kl. 9.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 36.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 7.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Grjóthleðsla

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er ætlað öllum þeim sem vilja læra hvernig hægt er að byggja úr grjóti. Hvort sem um ræðir vegg eða önnur smærri mannvirki. Þátttakendur fá innsýn í íslenska byggingararfleið og kynnst verklagi við byggingu úr hefðbundnu íslensku efni. Fjallað verður um hleðslu frístandandi veggja og stoðveggja úr grjóti. Lögð áhersla á verklega kennslu. Hlaðin verður veggur á námskeiðinu.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Guðjón Kristinsson torf- og grjóthleðslumeistari, skrudgarðyrkjumaður og stundarkennari við Lbhí. |
| Staðsetning: | Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjum, Ölfusi. |
| Tími: | Mánudagur 24. apríl kl. 9.00 - 17.00 og þriðjudagur 25. apríl kl. 9.00 - 16.00 |
| Fullt verð: | 36.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 7.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Nýtt líf eftir starfslok

NÝTT NÁMSKEIÐ

Hér er fjallað um þær breytingar sem verða á lífi fólks við starfslok. Við tekur tímabil sem hægt er að njóta á ýmsan máta. Fjallað verður um lífeyrismál, réttindi hjá TR, eignastýringu og sparnað, endurskipulagningu fjármála, áhrif hreyfingar og næringar á heilsfar, tómstundir áhugamál og félagslíf.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Sigbrúður Guðmundsdóttir og fleiri sérfræðingar. |
| Akureyri: | Skipagata 14, Akureyri. Fimmtudagarnir 9. og 16. febrúar, kl. 9.00 – 15.00. |
| Reykjavík: | 24. og 31. janúar og 7. og 14. febrúar, kl. 9-12. ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Fullt verð: | 60.800 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 20.800 kr. |

BYGGINGAMENN

Almenn tölvufærni

Tökin á tækninni

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir iðnaðarmenn í byggingariðnaði sem vilja læra almennilega á tölvur til að nota við daglegt líf og störf. Markmið þess er að þátttakendur kunni að vinna með helstu forrit og öpp sem notuð eru í tölvum í dag. Farið verður í gegnum grunnatriði í notkun á tölvum og helstu forrit. Einnig verður farið í notkun netsins, vefgátta og samfélagsmiðla. Námskeiðið verður kennt í tölvuveri ÍÐUNNAR og er að mestu verklegt. Ekki er krafist sérstakrar tölvuþekkingar.

| | |
|--------------------------------|---------------------------------------|
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 2., 9. og 16. mars, kl. 16.00 -19.00. |
| Fullt verð: | 25.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 5.000 kr. |

BYGGINGAMENN

YTONG byggingarefni

NÝTT NÁMSKEIÐ

Fyrir milliveggi

Þetta er námskeið fyrir byggingamenn sem vilja kynna sér nýjungar í uppbyggingu innvegga í húsum með YTONG byggingarefni. Markmið þess er að þátttakendur fái góða yfirsýn yfir efni og aðferðir við gerð millivegga. Fjallað er um efni, verkfæri og áhöld og fá þátttakendur að prófa þau á námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samvinnu við YTONG á Íslandi.

| | |
|---------------------|--|
| Kennarar: | Sérfræðingar frá Ytong. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 21. mars, kl. 16.00 - 20.00. |
| Fullt verð: | Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu. |


BYGGINGAMENN

Trello tæklar verkefnin

Verkfæri til verkefnastjórnunar

Trello þjónustan er líklega ein einfaldasta og skilvirkasta netlausnin í dag þegar kemur að verkefnastjórnun. Trello er einstaklega hagnýtt verkfæri sem byggir á sjónrænni stjórnun með töflum til að halda utan um verkefni og framvindu þeirra á einfaldan en markvissan hátt. Trello er aðgengilegt á netinu og er grunnútgáfan endurgjaldslaus.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Sigurður Fjalar Jónsson, markaðstjóri ÍÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 1. mars, kl. 17.00 - 19.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 4.000 kr. |



HÚSASMIÐIR

Verðskrá húsasmiða - uppmæling

Afkastahvetjandi launakerfi

Þetta námskeið er fyrir húsasmiði sem starfa eða ætla sér að starfa í uppmælingu. Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á grundvallaratriðum í uppmælingakerfinu. Farið er í gegnum helstu þætti kerfisins og lögð er sérstök áhersla á talningu verkþátta og smáatriði sem skipta máli í því sambandi. Einnig eru tekin dæmi um útreikning og uppgjör mælingarinnar.

Kennarar: Bragi Finnbogason og Vilhjálmur Sveinsson, mælingamenn og húsasmiðameistarar.

Reykjavík: Þriðjudagur 7. mars, kl. 13.00 - 19.00. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Akureyri: Þriðjudagur 21. mars kl. 13.00 - 19.00. Skipagötu 14, Akureyri.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.

HÚSASMIÐIR

Timburhús I

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja afla sér aukinnar þekkingar á nýsmíði timburhúsa, t.d. sumarhúsa. Markmið þess er að fræða þátttakendur um helstu þætti smíðinnar og hvað beri að varast. Fjallað er um kröfur og stífleika og farið yfir álög. Kynntar eru mismunandi undirstöður fyrir staðbyggð timburhús. Þá er farið yfir vegg- og þakburðarvirki, þéttleika, rakavarnarlög og frágang. Þetta er fyrra námskeið af tveimur.

Kennarar: Jón Sigurjónsson, verkfræðingur og Björn Marteinson, verkfræðingur/arkitekt.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 3. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 4. mars, kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 35.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.

HÚSASMIÐIR

Timburhús II

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er framhald fyrir þá sem vilja afla sér aukinnar þekkingar á nýsmíði timburhúsa, t.d. sumarhúsa. Markmið þess er að fræða þátttakendur enn frekar um helstu þætti smíðinnar og hvað beri að varast. Fjallað er um kröfur og stífleika og farið yfir álög. Kynntar eru mismunandi útfærslur fyrir mismunandi byggingarluta og fjallað um þéttleika, rakavarnarlög og frágang. Þetta er síðara námskeið af tveimur.

Kennarar: Jón Sigurjónsson, verkfræðingur og Björn Marteinson, verkfræðingur/arkitekt.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 31. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 1. apríl, kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 35.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.

HÚSASMIÐIR

Viðhald og viðgerðir gamalla húsa

Með verklagi fortíðar er byggt til framtíðar

Þetta námskeið er fyrir alla sem ætla sér að vinna við viðhald og viðgerðir á gömlum timburhúsum. Fjallað er um undirstöður og burðarvirki og farið yfir frágang bæði utan- og innanhúss. Skoðuð eru gömul timburhús sem hafa verið endurbyggð. Þátttakendum er kennt að meta varðveislugildi húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim frá því þau voru byggð og hvernig staðið skuli að viðhaldi og viðgerðum á þeim. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Kennarar: Magnús Skúlason, arkitekt, Gunnþóra Guðmundsóttir arkitekt og Einar S. Hjartarson, húsasmiðameistari.

Reykjavík: Föstudagur 17. mars, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 18. mars, kl. 9.00 - 16.00. Árbæjarsafn.

Sauðárkrókur: Föstudagur 31. mars, kl. 13.00-17.00 og laugardagur 1. apríl, kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.



HÚSASMÍÐIR

Pök, rakaástand og mygla

Loftun er málið

Þetta er námskeið fyrir alla sem vinna við nýsmíði og endurnýjun á þökum. Markmið þess er að kenna þátttakendum hvernig ganga á frá þökum þannig að þau fúni ekki eða skemmist af völdum myglusvepps. Farið er í helstu orsakir skemmda af völdum raka og hvernig best er að ganga frá loftun. Fjallað er um loftunarleiðir og frágang klæðninga og rakavarnar.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Björn Marteinson arkitekt og verkfræðingur. |
| Staðsetning: | IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Fimmtudagur 16. febrúar, kl. 13.00 - 17.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IDUNNAR: | 4.000 kr. |

HÚSASMÍÐIR

Frágangur rakavarnalaga

Gegn fúa- og mygluskemmdum

Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna við frágang byggingarluta sem mynda ytra byrði húsa s.s. þaka og útveggja. Markmið þess er að fræða þátttakendur um hlutverk og frágang rakavarnalaga og mikilvægi þess að rétt sé frá þeim gengið. Fjallað er um raka í byggingum og byggingarefnum, eiginleika og gerðir rakavarnalaga, límbönd, þéttiefni og frágang þeirra. Farið er í gegnum deililausnir í mismunandi gerðum bygginga og byggingarluta. Ritið Frágangur rakavarnalaga frá NMÍ er hluti námskeiðsgagna.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Jón Sigurjónsson, verkfræðingur. |
| Selfoss: | Fimmtudagur 26. janúar, kl. 13.00 - 17.00. |
| Reykjavík: | Fimmtudagur 23. febrúar, kl. 13.00 - 18.00. IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IDUNNAR: | 4.000 kr. |

HÚSASMÍÐIR

Gluggar og glerjun

Ísetningaraðferðir

Þetta námskeið er fyrir húsasmiði sem starfa við ísetningu glugga og glers. Tilgangur þess er að kynna þátttakendum helstu nýjungar við glugga- og glerisetningu og þær aðferðir sem gefist hafa best á Íslandi. Fjallað er um kröfur til glugga og glers skv. stöðlum og reglugerðum og helstu gerðir glugga úr tré, málmum og plasti. Farið er í gegnum helstu ísetningaraðferðir, þéttingar og frágang.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Jón Sigurjónsson, verkfræðingur. |
| Reykjavík: | Fimmtudagur 2. mars, kl. 13.00 - 18.00. IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Akureyri: | Þriðjudagur 31. janúar, kl. 14.00 - 19.00. Skipagötu 14, Akureyri. |
| Fullt verð: | 25.000 kr. |
| Verð til aðila IDUNNAR: | 5.000 kr. |

HÚSASMÍÐIR - HÚSGAGNASMÍÐIR

Trérennismíði

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja læra að nota rennibekk við trésmíðar. Markmið þess er að kenna þátttakendum meðferð efnis og véla í vinnu við trérennismíði. Farið er í undirstöðuatriði varðandi notkun rennibekkjá og verklegar æfingar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Félag trérennismiða.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Guðmundur Magnússon, húsamíðameistari og Magnús Kristmannsson, húsasmiðameistari og kennari við FB. |
| Staðsetning: | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, verknámshús Hraunbergi 8. |
| Tími: | Föstudagur 10. febrúar, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 11. febrúar, kl. 9.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 35.000 kr. |
| Verð til aðila IDUNNAR: | 7.000 kr. |

FYRIRTEKJAFJÓNUSTA IDUNNAR

Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki?

Fulltrúar frá IDUNNI koma í heimsókn og kynna fjölbreytt framboð af námskeiðum sem standa til boða á vorönn 2017 og möguleika á sérsniðnum námskeiðum sem henta þörfum hvers fyrirtækis. Eins er boðið upp á aðstoð við skipulagningu á fræðslu í fyrirtækjum og fjallað um raunfærnimat.

Pantaðu heimsókn í þitt fyrirtæki - það kostar ekki neitt!

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 590 6400 eða á netfangið idan@idan.is



HÚSASMÍÐIR - HÚSGAGNASMÍÐIR

Trébátasmíði

Lifandi handverk

Þetta er grunnnámskeið um smíði trébáta. Fjallað er um gerðir trébáta og aðferðir sem notaðar eru við smíði og frágang á þeim. Farið er í gegnum grundvallartriði í smíði og munu þátttakendur leggja kjöl og byrðing auk annarra verklegra þátta. Námsefni er m.a. Leiðarvísir að bátasmíði, tveir mynddiskar þar sem fylgst er með smíði báts frá kili að sjósetningu. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Bátasafn Breiðafjarðar.

Kennarar: Hafliði Aðalsteinsson, skipasmíðameistari og Eggert Björnsson, bátasmíður.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 17. febrúar, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 18. febrúar, kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 35.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 7.000 kr.

HÚSASMÍÐIR - HÚSGAGNASMÍÐIR

Brunahólfandi innihurðir og glerveggir

Með tilliti til bruna og hljóðs

Þetta námskeið er fyrir trésmíði sem smíða og setja upp innihurðir og glerveggi. Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á smíði, uppsetningu og frágangi brunahólfandi hurða og glugga og efnum sem notuð eru og því hlutverki sem þeir gegna í brunavörnum húsa og öryggi fólks. Húsasmíðameistari er ábyrgur fyrir uppsetningu þeirra og öllum frágangi. Farið verður yfir smíði brunahólfandi hurða, efnisval, þéttilista og frágang. Mismunandi gerðir eldvarnarglers og frágangur í ramma. Ísetningu hurða og val á hurðarlokara (pumpu). Hvernig hurðir og gluggar eru merktir.

Kennari: Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Fimmtudagur 9. mars, kl. 13.00 - 17.00.

Fullt verð: 18.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 3.000 kr.



Fylgdu okkur á
twitter
idanfraedsla

BYGGINGAMENN

Frágangur raka-, vind- og vatnsvarnarlaga með efnum frá SIGA

Verklegt námskeið

Þetta er námskeið fyrir byggingarmenn sem vilja kynna sér nýjungar í þéttiefnum. Markmið þess er að þátttakendur fái góða yfirsýn yfir nýjustu efni og aðferðir við notkun þéttiefna. Fjallað er um efni, verkfæri og áhöld og fá þátttakendur að prófa þéttiefnin.

Kennari: Agnar Snædahl, verkfræðingur og húsasmíðameistari.

Reykjavík: Miðvikudagur, 22. mars, kl. 13.00 - 17.00.
ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Reyðarfjörður: Laugardagur 18. mars, kl. 14.00 - 18.00.
Austurbrú Reyðarfirði.

Akureyri: Laugardagur 11. febrúar, kl. 14.00 - 18.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 5.000 kr.

HÚSASMÍÐIR

Nýlögn og viðhald parkets með efnum frá BONA

Góðir starfshættir gera starfið auðveldara

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja auka við þekkingu sína í vinnu á nýju sem gömlu parketi. Fjallað er um alla þætti undirbúnings parketlagningar s.s. frágang undirgólfs (rakavörn, grunnun, flotun og viðgerðir) og límingu parkets og þá parketslípun. Þátttakendum er jafnframt kennt að viðarfylla parket, olíubera, lita (bæsa) og lakka. Einnig er kennt hvernig er best að standa að viðgerðum á parketi eftir að það hefur verið lagt. Námskeiðið er haldið í samstarfi við BONA Nordic og Gólfefnavað ehf.

Kennarar: Erlendir sérfræðingar og Þórarinn Eggertsson húsasmíðameistari og trétækni.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 31. mars kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 1. apríl kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 15.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 3.000 kr.

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA



Fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði. www.idan.is/postlisti

PÍPULAGNINGAMENN

Vatnsúðakerfi - sprinkler

Réttindanámskeið

Námskeiðið er ætlað pípulagningamönnum með full sveins- og meistararéttindi og er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun sem gefur út leyfi til þeirra sem ljúka prófi með fullnægjandi árangri. Farið er yfir hönnun vatnsúðakerfa, staðla, lög og reglugerðir sem eru í gildi. Einnig er farið yfir lagnaefni sem notað er í vatnsúðakerfi sýnd virkni þeirra í sprinkler kennslukerfi IÐUNNAR sem er uppsett í Vatnagörðum. Öllum er frjálst þátttaka á námskeiðinu en einungis pípulagningameistarar öðlast réttindi til að hafa eftirlit með kerfunum.

Kennarar: Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun, Ástvaldur Eiríksson hjá Eldvarnarpjónustunn og Egill Ásgrímsson, pípulagningameistari.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 31. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 1. apríl, kl. 9.00 - 16.00.

Fullt verð: 35.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 7.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN

Þokukerfi - sprinkler

Nýjungar í vatnsúðakerfum

Þetta er námskeið fyrir þá sem lokið hafa námskeiðinu Vatnsúðakerfi - sprinkler. Markmið þess er að fræða þátttakendur um uppsetningu og virkni þokukerfa. Farið er yfir notkunarsvið og hönnun þokukerfa og reglur sem gilda um þau. Einnig er farið yfir efni sem notað er í þokukerfum og sýnd virkni þeirra í sprinkler kennslukerfi IÐUNNAR sem er uppsett í Vatnagörðum.


Kennarar: Guðmundur Gunnarsson, fagstjóri hjá Mannvirkjastofnun og Egill Ásgrímsson, pípulagningameistari.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Miðvikudagur 5. apríl, kl. 13.00 - 19.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.



PÍPULAGNINGAMENN

Afhending lagnakerfa

Réttur frágangur

Þetta er námskeið fyrir pípulagningamenn sem vilja skila af sér lagnakerfum á réttan hátt. Markmið þess er að fræða þátttakendur um helstu þætti varðandi frágang og afhendingu lagnakerfa þannig að þau fullnægi kröfum byggingarreglugerðar.

Kennari: Sveinn Áki Sverrisson, véltæknifræðingur.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Þriðjudagur 21. febrúar, kl. 13.00 - 19.00.

Fullt verð: 22.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN OG AÐRIR LAGNAMENN

Varmadætur

Lausnir fyrir köld svæði

Varmadætur geta sparað verulegan kostnað við kyndingu húsa á köldum svæðum. Á þessu námskeiði er í boði að afla sér þekkingar á varmadælum og notkun þeirra í byggingum. Farið er í uppbyggingu og gerðir varmadæla, tengingar, stillingar og lokafrágang. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Orkusetur og Verklagnir ehf.

Kennarar: Sigurður Friðleissón hjá Orkusetri, Þór Gunnarsson tæknifræðingur hjá Ferli, Gunnlaugur Jóhannsson pípulagningameistari og Pétur Kristjánsson ráðgafi.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 17. mars, kl. 13.00 - 18.00.

Fullt verð: 20.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.

Autodesk fyrir byggingamenn

IÐAN fræðslusetur er viðurkenndur kennsluaðili (ATC Authorized Training Center) fyrir Autodesk forrit og hefur um margna ára skeið boðið upp á námskeið í þeim meðal annars:

- Autodesk Revit - AutoCad og AutoCad LT - Autodesk Inventor og AutoCad Electrical

Sjá nánar í kaflanum Tölvustudd hönnun á bls. 58 - 59.

BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

MÚRARAR – VEGGFÓÐRARAR - PÍPULAGNINGAMENN - HÚSASMIÐIR

Frágangur votrýma 1

Til að hindra vatnstjón

Þetta námskeið er fyrir alla sem starfa við byggingu og frágang votrýma. Markmið þess er að kenna þátttakendum aðferðir við frágang votrýma til að hindra vatnstjón. Fjallað er um uppbyggingu votrýma og efni sem henta til þeirra hluta. Einnig er fjallað um frágang yfirborðs, þéttingar og þéttilög. Farið er í lagnaleiðir, frágang og þéttingar með lögnum, niðurföllum og hreinlætistækjum. Ennfremur er fjallað um viðhald á votrýmum.

Kennari: Jón Sigurjónsson, verkfræðingur.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 17. febrúar, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur, 18. febrúar kl. 9.00 - 13.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 5.000 kr.

MÚRARAR – VEGGFÓÐRARAR - PÍPULAGNINGAMENN - HÚSASMIÐIR

Frágangur votrýma 2

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir alla sem starfa við byggingu og frágang votrýma og hafa lokið námskeiðinu Frágangur votrýma 1. Á þessu námskeiði er farið ofan í smáatriði varðandi uppbyggingu votrýma og frágang á þeim. Farið er yfir hvernig hver faggrein fyrir sig þarf að ganga frá svo að rýmið verði þétt og samhengið milli þess.

Kennarar: Sérfræðingar í votrýmum.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Föstudagur 21. apríl, kl. 13.00 - 17.00 og laugardagur 22. apríl, kl. 9.00 - 13.00.

Fullt verð: 25.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 5.000 kr.

PÍPULAGNINGAMENN

Hefðbundinn stjórnbúnaður hitakerfa

Stýring hitakerfa

Þetta námskeið er fyrir pípuþingamenn sem vilja afla sér þekkingar á mismunandi gerðum af vélrænum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi. Farið er í gegnum notkun á mismunandi gerðum lokum sem notaðir eru við þrýstistýringar, þrýstijafnarar, mótþrýstilokar, þrýstiminnkara og hitastýriloka. Kynntir eru helstu eiginleikar þessa búnaðar og hvað ber að hafa í huga við val á honum í hvert verkefni og stærðarákvörðun. Einnig verður fjallað um varmaskipta, hvað þarf að hafa í huga við val á þeim og hvernig stærðarútreikningar fara fram.

Kennari: Benedikt Ingvason, pípuþingamaður og vélvirki.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Miðvikudagur 15. mars, kl. 13.00 - 17.00.

Fullt verð: 18.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 4.000 kr.

MÚRARAR - HÚSASMIÐIR

Niðurlögn steinsteypu

Rétt vinnubrögð – grundvallaratriði í húsbýggingum

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla sem starfa við steypu. Hér afla þátttakendur sér þekkingar og skilnings á meðhöndlun og niðurlögn steinsteypu. Fjallað er um samsetningu og eiginleika steinsteypu, mótavinnu, niðurlögn og móttöku á byggingarstað. Farið er yfir eftirmeðhöndlun og vetrarsteypur og fjallað um afleiðingar rangrar meðhöndlunar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Steinsteypufélag Íslands.

Kennarar: Einar Einarsson, BM Vallá, Kai Westphal, Steypustöðinni og Helgi Hauksson, byggingarverkfræðingur.

Staðsetning: ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Miðvikudagur 29. mars, kl. 13.00 - 17.00.

Fullt verð: 20.000 kr.

Verð til aðila ÍÐUNNAR: 4.000 kr.

HÚSGAGNA- OG HÚSASMÍÐIR

Sólpallar og skjólgirðingar

Fyrir sumar og sól

Þetta námskeið er fyrir alla sem ætla sér að smíða sólpalla og skjólgirðingar. Skoðaðar eru ýmsar útfærslur og hvernig hægt er að mynda gott samræmi milli húss, palls og skjólgirðinga. Sérstaklega er fjallað um skjól sem er forsenda þess að góðir útivistardagar á pallinum verði sem flestir. Farið er yfir gerð grindarteikninga, útfærslu og smíði. Einnig er farið yfir helstu timburtegundir, festingar, undirstöður og frágang.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt. |
| Akureyri: | Föstudagur 21. mars kl. 14.00 - 18.00 og laugardagur 1. apríl kl. 9.00 - 13.00. |
| Reykjavík: | Föstudagur 28. apríl kl. 13.00 - 17.00 og laugard. 29. apríl kl. 9.00 - 13.00. |
| Fullt verð: | 30.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 6.000 kr. |

BYGGINGAMENN

Sumarbústaðalandið

Sælureitir í sveitinni

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er ætlað sumarlúsaeigendum og ræktendum. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um hvað eigi að gera í sumarbústaðalandinu og hvernig er best að framkvæma það. Farið er yfir hvernig standa skal að þeim atriðum sem fagmenn eru oftast spurðir að varðandi ræktun í sumarbústaðalandinu. Hvernig er best að standa að gróðursetningum, áburðargjöf, uppeldi og umhirða gróðurs við ýmis ræktunarskilyrði. Einnig framkvæmd jarðvegsbóta og uppbyggingu og umheriðu grasflata, hellulagna og grárra svæð. Ennfremur hvernig staðið er að grisjun, trjáfellingum og umhirðu skóglendis.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur og forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Lbhí Reykjum. Ágústa Erlingsdóttir, skrudgarðyrkjumeistari, námsbrautarstjóri skrudgarðyrkju Lbhí og Björgvin Örn Eggertsson, skógfræðingur, námsbrautarstjóri skógur- og náttúra Lbhí. |
| Staðsetning: | Landbúnaðarháskóli Íslands, Reykjum í Ölfusi. |
| Tími: | Laugardagur. 1. apríl. kl. 09:00-15:00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 4.000 kr. |

MÁLARAR

Lakksprautun

Að hætti bílamálara

NÝTT NÁMSKEIÐ

Þetta námskeið er fyrir málara sem vilja læra að sprautulakka að hætti bílamálara. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum aðferðir sem notaðar eru við sprautlökkun bíla. Farið er í gegnum helstu efni og vinnuaðferðir við undirvinnu og sprautun. Námskeiðið er að mestu leyti verklegt.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Leiðbeinendur Borgarholtsskóla. |
| Staðsetning: | Borgarholtsskóli. |
| Tími: | Laugardagur 25. febrúar, kl. 9.00 - 16.00 og sunnudagur 26. febrúar, kl. 9.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 35.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 7.000 kr. |

MÁLARAR

Marmaramálun

Gamlar vinnuaðferðir í nútímanum

Þetta er námskeið um vinnuaðferðir sem voru mikið notaðar á fyrri hluta síðustu aldar en hurfu næstum. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái góða þekkingu á aðferðum við marmaramálun. Fjallað er um stílbrigði og farið yfir litarefni, verkfæri og áhöld. Námskeiðið er að miklu leyti verklegt.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Engilbert Valgarðsson, málarameistari. |
| Staðsetning: | Tækniskólinn Skólavörðuholti. |
| Tími: | Föstudagur 3. mars, kl. 13.00 - 19.00 og laugardagur 4. mars, kl. 9.00 - 16.00. |
| Fullt verð: | 35.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 7.000 kr. |

Námskeið í samvinnu við Vinnueftirlitið

Öryggi og vinnuvernd

Asbest

Meðhöndlun á hættulegu efni

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja öðlast réttindi til að vinna við tilkynningaskýlt asbestniðurrif er veldur lítilli mengun. Það á við um niðurrif á t.d. þakplötum og ytri klæðningu utanhúss, svo og minniháttar niðurrif og viðhaldsvinnu innanhúss, t.d. á heilum plötum, gluggakistum o.fl. Námskeiðið veitir ekki réttindi til stærri verkefna eða vinnu við laust asbest þar sem hætta er á verulegri asbestmengun.

Kennarar: Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins.

Staðsetning: Stórhöfði 27, Reykjavík.

Tími: Fimmtudagur 16. febrúar, kl. 9.00 -12.00.

Fullt verð: 20.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.

Málningaruppleysir

Öryggi við meðferð og vinnu við eiturefni

Þetta námskeið er fyrir málara sem þurfa að meðhöndla málningaruppleysi við vinnu sína. Markmið þess er að kenna þátttakendum meðferð hans og merkingu á efnum. Farið er almennt yfir hættur sem stafa af eiturefnum, hvernig geymslur á slíkum efnum þurfa að vera o.fl. Persónuhlífar svo sem öndunargrímur og fleira sem þarf að hafa í huga við notkun málningaruppleysi. Námskeiðið veitir réttindi til þess að meðhöndla málningaruppleysi.

Kennarar: Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins.

Staðsetning: Stórhöfði 27, Reykjavík.

Tími: Þriðjudagur 28. mars, kl. 13.00 - 17.00.

Fullt verð: 20.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.



Körfukranar og spjót

Réttindi á körfukrana og spjót

Þetta námskeið veitir réttindi á körfukrana og spjót, sem notuð eru í byggingariðnaði. Markmið þess er að kenna notkun og meðferð þessara tækja á öruggan hátt. Hér er í boði þekking á helstu gerðum þessara tækja ásamt stjórnun og öryggi við notkun þeirra. Einnig er farið yfir vinnuvernd og öryggi á vinnustöðum. Að lokinni verklegri þjálfun og verklegu prófi fá þátttakendur full réttindi til að stýra tækjunum

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins. |
| Staðsetning: | Stórhöfði 27, Reykjavík. |
| Tími: | Þriðjudagur, 25. apríl, kl. 8.30 - 16.00 og miðvikudagur 26. apríl, kl. 9.30 - 13.00. |
| Fullt verð: | 35.000 kr. |
| Verð til aðila ÍDUNNAR: | 7.000 kr. |

Frumnámskeið

Réttindi á helstu gerðir vinnuvéla

Þetta námskeið veitir bókleg réttindi á lyftara með 10 tonna lyftigetú og minni, dráttarvélar með tækjabúnaði og minni gerðir jarðvinnuvéla (4 tonn og undir), körfukrana, steypudælur, valtara, útlagningarvélar fyrir bundið slitlag og hleðslukrana á ökutækjum með allt að 18 tonna lyftigetú.

| | |
|--------------------------------|--------------------------------------|
| Kennarar: | Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins. |
| Staðsetning: | Stórhöfði 27, Reykjavík. |
| Tími: | 21. - 24. febrúar, kl. 8.30 - 16.00. |
| Fullt verð: | 43.000 kr. |
| Verð til aðila ÍDUNNAR: | 9.000 kr. |

Byggingarkranar

Réttindi á byggingarkrana

Þetta námskeið veitir réttindi á byggingarkrana. Hér er í boði þekking á helstu gerðum þessara tækja ásamt stjórnun og meðferð þeirra. Einnig er farið yfir vinnuvernd og öryggi á vinnustöðum. Að lokinni verklegri þjálfun og verklegu prófi fá þátttakendur full réttindi til að stýra tækjunum.

| | |
|--------------------------------|---------------------------------------|
| Kennarar: | Leiðbeinendur Vinnueftirlitsins. |
| Staðsetning: | Stórhöfði 27, Reykjavík. |
| Tími: | 9., 10. og 11. maí, kl. 8.30 - 16.00. |
| Fullt verð: | 35.000 kr. |
| Verð til aðila ÍDUNNAR: | 7.000 kr. |



Matreiðslumenn, framreiðslumenn, kjötiðnaðarmenn, bakarar og starfsfólk í ferðaþjónustu

MATREIÐSLUMENN

Bjórgerð

NÝTT NÁMSKEIÐ

Markmiðið er að kynna bjórgerð. Farið verður yfir ferli bjórgerðar s.s tæki, efni og framleiðsluferil, átöppun og fl. Bruggaður bjór og að loknu námskeiði ættu þátttakendur að vera komnir með nokkuð góða mynd af bruggferlinu. Mismunandi stílar bjórs smakkaðir.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Hinrik Carl Ellertsson. |
| Staðsetning: | Hótel- og matvæðaskólinn. |
| Tími: | Miðvikudagur 5. og þriðjudagur 6. apríl, kl. 15.00 - 19.00. |
| Fullt verð: | 19.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 9.500 kr. |

OPIÐ NÁMSKEIÐ

Kokteilar

NÝTT NÁMSKEIÐ

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á brenndum vínnum, á bjór og framreiðslu vína. Þjálfuð er leikni í að blanda drykki eftir stöðluðum uppskriftum, bæði áfenga og óáfenga, skreyta drykki þar sem fagleg sjónarmið og sköpunar- gleði eru höfð að leiðarljósi.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Trausti Víglundsson og fleiri. |
| Staðsetning: | Hótel- og matvæðaskólinn. |
| Tími: | Miðvikudagur 15. og fimmtudagur 16. febrúar, kl. 16.00 - 21.00. |
| Fullt verð: | 24.500 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 12.000 kr. |



FRAMREIÐSLUMENN - MATREIÐSLUMENN

Bjór og matur

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á bjór s.s hráefnum, bruggferli, kolsýru, meðhöndlun á kútum, glösum, hreinlæti og útlit og bragð. Farið verður yfir þætti eins og hvernig bjór skemmist og hvernig hann smakkast. Áherslan er að auka þekkingu á fjölbreytileika drykkja, yfirbragð og pörun við ýmsa matrétti.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Hinrik Carl Ellertsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 29. mars, kl. 16.00 - 19.00. |
| Fullt verð: | 27.600 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 10.500 kr. |

OPIÐ NÁMSKEIÐ

Steiking

NÝTT NÁMSKEIÐ

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á steikingu og steikningaraðferðum sem eiga við mismunandi eiginleika kjöts og fisks. Þátttakendur kynnst mismunandi vöðvabyggingu, vöðvagerð og viðeigandi hitameðferð með tilliti til vökataps og niðurbrots á ensíumum.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Hinrik Carl Ellertsson. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 26. apríl, kl. 16.00 - 19.00. |
| Fullt verð: | 24.300 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 10.500 kr. |

MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ

MATREIÐSLUMENN – BAKARAR – FRAMREIÐSLUMENN -
KJÖTIÐNÁÐARMENN

Ostagerð

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á ostagerð. Framleiðsla einstakra ostategunda er skoðuð til að fá tilfinningu fyrir muninum á vinnsluaðferðum á t.d. skyri, brauðosti, gráðaosti og smurostum. Sýnikennsla og verklegar tilraunir gerðar með einfalda framleiðslu. Farið yfir heimaframleiðslu í samanburði við hefðbundna mjólkurvinnslu. Rætt ítarlega um tæki, tól og aðstöðu sem þarf fyrir hverja ostategund. Ostagerðarbókin er innifalin í verði.

Kennari: Þórarinn Sveinsson.
Staðsetning: Hótel- og matvælaskólinn.
Tími: Laugardagur 25. mars, kl. 10.00 - 17.00.
Fullt verð: 26.500 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR: 12.300 kr.

OPIÐ NÁMSKEIÐ

Hnífasmiði

Þetta námskeið er fyrir þá sem vilja læra að smíða hnifa og önnur áhöld. Markmið þess er að kenna þátttakendum smíði úr stáli og efnum í skefti og slíður. Þátttakendur fá hnifsblað (geta valið úr nokkrum gerðum), efni í skaft (einnig hægt að velja úr nokkrum viðartegundum) og leður í slíður. Blaðið er skeft og síðan er hnifurinn slíðraður þannig að menn fullklára hníf og slíðra á námskeiðinu.

Kennari: Páll Kristjánsson, hnifasmiður.
Staðsetning: Álafoskvos, Mosfellsbæ.
Tími: Laugardagur 4. febrúar og
sunnudagur 5. febrúar, kl. 9.00 - 16.00.
Fullt verð: 30.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR: 6.000 kr.

MATREIÐSLUMENN

Brýnsla á hnífum

Markmið námskeiðsins er að auka leikni þátttakenda við að brýna hnifa með japanskri aðferð. Farið verður yfir meðferð á hnífum. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur komi með tvo til þrjá hnifa 15 - 20 sm. langa á námskeiðið. Best er að koma með Santoku eða Chef's hnifa. Brýningarsteinn fylgir með námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Progastro.

Kennari: Óskar Kettler.
Staðsetning: Progastro, Ögurhvarf 2.
Námskeið 1: Þriðjudagur 24. janúar,
kl. 18.00 - 20.00.
Námskeið 2: Miðvikudagur 25. janúar,
kl. 18.00 - 20.00.
Námskeið 3: Þriðjudagur 28. mars,
kl. 18.00 - 20.00.
Námskeið 4: Miðvikudagur 29. mars,
kl. 18.00 - 20.00.
Fullt verð: 10.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR: 5.000 kr.



AFGREIÐSLUFÓLK Í BAKARÍUM

Þjónusta og sala í bakaríum

Markmið námskeiðsins er að gefa þátttakendum tækifæri til að auka þekkingu og leikni sína á uppstillingu á vörum í bakaríum og söluaðferðum sem hafa gefið góða raun. Hér er rétti vettvangurinn til að þjálfast í þjónustulípun og góðri framkomu við viðskiptavini.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Hallgrímur Sæmundsson. |
| Staðsetning: | Hótel- og matvælagólfurinn. |
| Tími: | Fimmtudagur 16. febrúar, kl. 14.00 - 17.00. |
| Fullt verð: | 9.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 4.500 kr. |

STARFSFÓLK Í FERÐAÞJÓNUSTU

Vaktstjórn

NÝTT NÁMSKEIÐ

Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu á skipulagðri verkefnastjórnun, um mikilvægi góðra samskipta á vinnustað, leiðsögn og stjórnun með starfsfólki og umgengni innanhúss. Einnig er lögð áhersla á innra eftirlit hússins, lög og reglugerðir s.s. um öryggismál, brunavarnir og slyshættu. Farið verður yfir þætti sem varða starfsemi hússins og umgjörð þjónustunnar, viðburði í veitingahúsinu, samskipti og samvinnu við aðra stjórnendur og starfsmenn.

| | |
|--------------------------------|---|
| Námsmat: | Heimaverkefni. |
| Kennarar: | Baldur Sæmundsson og fleiri. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagarnir 21. og 28. febrúar og 7. mars, kl. 15.00 - 18.00. |
| Fullt verð: | 18.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 8.000 kr. |

FRAMREIÐSLUMENN - MATREIÐSLUMENN

Vín og matur

Vín- og matseðlar, aukin upplifun á vínunum

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu á vínunum og samhengi þeirra við hina ýmsu matrétu. Vín- og matseðlar verða skoðaðir og metnir. Áhersla verður lögð á uppbyggingu vínseðla eftir veitingastöðum og áherslum þeirra. Þátttakendur velja vín með ólíkum smáréttum og rökstyðja val sitt með þessum réttum. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Dominique Pédel Jónsson. |
| Staðsetning: | Hotel Natura. |
| Tími: | Mánudagur 3. apríl, kl. 14.00 - 18.00. |
| Fullt verð: | 25.900 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 12.500 kr. |

FRAMREIÐSLUMENN

Vín I

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á vínunum, vingerð og para saman vín og mat. Þjálfun er hæfni í sjálfstæðum og faglegum vinnubrögðum við framreiðslu á vínunum. Námskeiðið skiptist í fjóra hluta og dreifist á fjórar vikur. Hverjum hluta lýkur með námsmati. Að loknum fjórum námskeiðum og námsmati fá þátttakendur skírteini sem staðfestir námslok þeirra. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

| | |
|--------------------------------|---|
| Námsmat: | Heimaverkefni og lokapróf. |
| Kennari: | Dominique Pédel Jónsson. |
| Staðsetning: | Hotel Natura. |
| Tími: | Mánudagar 6., 13., 20. og 27. mars, kl. 14.00 - 17.00. |
| Fullt verð: | 32.800 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 12.500 kr. |



Málmteækni, vélstjórn og blikksmiði

MÁLMIÐNAÐARMENN – VÉLVIRKJAR – VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni III – rekstur, viðhald og bilanagreining

Eftir þetta námskeið ertu fær um að teikna samkvæmt ISO 1219-1 ásamt því að lesa og leiðrétta teikningar, velja rör og fittings miðað við þrýsting og setja upp og tengja slöngur og rör á öruggan hátt. Einnig verður þú fær um að velja réttar síur og síubúnað skv. ISO 4406 og síunarhæfni (βx), meðhöndla og geyma glussa á öruggan hátt og greina orsakir bilana og gera viðeigandi ráðstafanir. Að lokum öðlastu leikni í að innstilla vökvakerfi eftir viðgerðir og setja upp stýrð viðhaldskerfi.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 30., 31. janúar og 2. febrúar, kl. 8.30 - 17.00. |
| Fullt verð: | 110.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 55.000 kr. |

MÁLMIÐNAÐARMENN – VÉLVIRKJAR – VÉLSTJÓRAR - BIFVÉLAVIRKJAR

Vökvatækni IV - vinnuvélar

Sérhæft námskeið um vökvabúnað fartækja s.s. lyftara, krana, búkollur, hefla, traktorsgrafa o.fl.

Að námskeiðinu loknu þekkir þú mikilvæg atriði s.s. hlutfallsstýringar, magnstýringar, kraftstýringar, skaraða og óskaraða loka, forstýriloka, ójafnvægi, fæðingu forstýriloka, lagdir og sérhæfða hluta, efni í vökvakerfum, miðflæðilagnir, stjórnugírin, stýrisvélar, slöngubrotsloka, sveiflur, titring og hljóð í vökvakerfum ásamt því að læra lagfæringar á þessum hlutum. Einnig verður farið yfir rétt val á olíum og kennt hvernig á að velja rétta loka í vökvakerfi með tilliti til notkunar. Notaður verður sérhæfður búnaður frá FESTO.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 13., 14. og 16. febrúar, kl. 8.30. – 17.00. |
| Fullt verð: | 110.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 55.000 kr. |

MÁLMIÐNAÐARMENN – VÉLVIRKJAR – VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni V – hönnun vökvakerfa

Að námskeiðinu loknu geta nemendur hannað vökvakerfi, framkvæmt hönnunarbreytingar á vökvakerfum, gert útboðsgögn og tekið út uppsett vökvakerfi. Farið verður ítarlega í notkunarmöguleika „FluidSim“. Æfð teikning á vökvakerfum og framsetning. Virkni allra íhluta vökvakerfa ásamt rörum og slöngum. Skoðuð virkni allra íhluta vökvakerfa ásamt rörum og slöngum og breyting á virkni við mismunandi álag, þrýsting, olíuflæði og fleira. Hvernig verjum við kerfið og hluti þess gagnvart álagi, hávaða og áföllum (shocks).

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Guðlaugur Þorleifsson, iðnaðartæknifræðingur. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 6., 7. og 9. mars, kl. 8.30 – 17.00. |
| Fullt verð: | 110.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 55.000 kr. |

STARFSMENN VIÐ MÁLM SMÍÐAR

Málmsuða - grunnur

Eftir þetta námskeið þekkir þú grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi ljósbogasuðu. Þú lærir um meðhöndlun málna fyrir og eftir suðu og verður fær um að stilla suðuvélar, mæla gasflæði, velja vír fyrir pinna- og MIG/MAG suðu, slípa skaut fyrir TIG suðu, sjóða einfaldar TIG, MIG/MAG og pinnasuður og loks beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjánn Sigurðsson, Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 6. febrúar, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 7. febrúar kl. 8.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 35.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

Pinnasuða

Á námskeiðinu færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í pinnasuðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu og þú lærir að meðhöndla málma fyrir og eftir suðu. Með þessa þekkingu í farteskinu verður þú fær um að stilla suðuvélar, sjóða einfaldar pinnasuður (stúfsuður, kverksuður) og beita öryggisákvæðum á vinnustað.

Kennarar: Hilmar Brjánn Sigurðsson
og Gústaf Adólf Hjaltason,
véltæknifræðingur IWE.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Mánudagur 20. febrúar,
kl. 13.00 – 17.00
og þriðjudagur 21. febrúar
kl. 8.00 – 17.00.

Fullt verð: 70.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 35.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Undirbúningur og stöðumat til vottunar í pinnasuðu

Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817, sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum. ATH. verðið fyrir að þreyta prófið er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

Kennarar: Hilmar Brjánn Sigurðsson,
Gústaf Adólf Hjaltason,
véltæknifræðingur IWE.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Samkvæmt samkomulagi.

Fullt verð: 70.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 35.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

TIG-suða og kynning á plasmasuðu

Á þessu námskeiði færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í TIG-suðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu. Þú lærir að meðhöndla málma fyrir og eftir suðu og öðlast þekkingu á plasmasuðu. Þar með ertu fær um að stilla suðuvélar, velja rétt gas, meta og mæla gasflæði, velja skaut, hulsu og slípað skaut og getur soðið einfaldar TIG- og plasmasuður (stúfsuður, kverksuður), ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

Kennarar: Hilmar Brjánn Sigurðsson
og Gústaf Adólf Hjaltason,
véltæknifræðingur IWE.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Mánudagur 27. febrúar, kl. 13.00 – 17.00
og þriðjudagur 28. febrúar kl.
8.00 – 17.00.

Fullt verð: 70.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 35.000 kr.

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Undirbúningur og stöðumat til vottunar í TIG-suðu

Farið verður efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1 og þvermál fyrir hæfnispróf, samkvæmt IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Einnig fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817, sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

ATH. verðið fyrir að þreyta prófið er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

Kennarar: Hilmar Brjánn Sigurðsson
og Gústaf Adólf Hjaltason,
véltæknifræðingur IWE.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Samkvæmt samkomulagi.

Fullt verð: 70.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 35.000 kr.

Námskeið í samvinnu við Vinnueftirlitið

Öryggi og vinnuvernd

IÐAN fræðslusetur býður upp á námskeið í samvinnu við Vinnueftirlitið. Þau námskeið sem í boði eru á vorönn 2017 eru:

- **Frumnámskeið.** Réttindi á helstu gerðir vinnuvéla
- **Körfukranar og spjót - Byggingakranar.** Réttindi á byggingakranana
- **Asbest og námskeið um málningaruppleysi**

Sjá nánar á bls. 42-43.

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMÍÐIR

MIG/MAG suða

Á þessu námskeiði færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í TIG-suðu en einnig verður farið í grunnatriði rafmagnsfræðinnar varðandi suðu. Þú lærir að meðhöndla málma fyrir og eftir suðu og öðlast þekkingu á plasmasuðu. Þar með ertu fær um að stilla suðuvélar, velja rétt gas, meta og mæla gasflæði, velja skaut, hulsu og slípað skaut og getur soðið einfaldar TIG- og plasmasuður (stúfsuður, kverksuður), ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjárn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 13. mars og þriðjudagur 14. mars, kl. 8.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 35.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Undirbúningur og stöðumat til vottunar í MIG/MAG suðu

Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

Ath. Verð fyrir próftöku er ekki innfalið í námskeiðsgjaldi.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjárn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Samkvæmt samkomulagi. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 35.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - PÍPULAGNINGAMENN

Logsuða

Á þessu námskeiði færð þú þekkingu á bóklegum og verklegum grunni í logsuðu og meðhöndlun málma fyrir og eftir suðu. Að því loknu ertu fær um að stilla suðutæki, velja rétt gas og spíssa, meta og mæla gasflæði, sjóða einfaldar suður í plötu og rör (stúfsuðu) ásamt því að beita öryggisákvæðum á vinnustað.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjárn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 27. mars, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 28. mars, kl. 8.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 35.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Undirbúningur og stöðumat til vottunar í logsuðu

Þjálfun til vottunar/stöðumats í logsuðu. Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

Ath. Verð fyrir próftöku er ekki innfalið í námskeiðsgjaldi.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjárn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Samkvæmt samkomulagi. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 35.000 kr. |



MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR - BIFREIÐASMIÐIR

Ál og álsuða

Efniseiginleikar áls eru mjög frábrugðnir öðrum málmum og suða einnig. Farið er yfir efnisfræði áls og eiginleika. Fjallað um suðuaðferðir og prófanir á suðum og ýmsa samsetningar- möguleika áhluta. Farið er í meðhöndlun efnis, hreinsun, undirbúning suðu og suðugæði. Í verklega hlutanum er soðið með TIG og MIG-suðuaðferðum.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjánn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 10. apríl, kl. 13.00 – 17.00 og þriðjudagur 11. apríl, kl. 8.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 35.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Undirbúningur og stöðumat til vottunar í álsuðu

Þjálfun til vottunar/stöðumats í álsuðu. Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum. Ath. Verð fyrir próftöku er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjánn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Samkvæmt samkomulagi. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 35.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Rennismíði og fræsing

Hér lærir þú að þekkja vinnsluhætti rennibekkjá, bor- og fræsivéla, öryggis- og umgengisreglur, umhirðu og meðferð úrgangs. Einnig verður farið í helstu uppspenniaðferðir í rennibekk og fræsivél, gerðir og notkunarsvið skurðarverkfæra. Að því loknu verður farið í deilingar í deilivél, hvornig beita skal mælitækjum og muntu í námskeiðslok geta leyst einföld verkefni í rennibekk og fræsivél innan 0,1 mm málvika.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Tilkynnt síðar. |
| Staðsetning: | Tilkynnt síðar. |
| Tími: | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| Fullt verð: | 165.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 45.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Undirbúningur og stöðumat til vottunar í álsuðu

Þjálfun til vottunar/stöðumats í álsuðu. Farið verður í efnisval, þykkt og fylliefni samkvæmt IST EN ISO 9606 - 1. Einnig verður farið í IST EN ISO 5606 - 1 (í stáli). Þá fær þátttakandi innsýn í staðalinn IST EN ISO 5817 sem er forsenda fyrir mati á suðugæðum og leyfilegum frávikum.

Ath. Verð fyrir próftöku er ekki innifalið í námskeiðsgjaldi.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Hilmar Brjánn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Samkvæmt samkomulagi. |
| Fullt verð: | 70.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 35.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Iðntölvustýringar PLC

Að loknu þessu námskeiði þekkir þú uppbyggingu iðntölvunnar og virkni, tákmyndir, örgjörva, innganga, útganga, tengingu við loka, skynjara, teljara og rofa, grunnhugtök forritunarmáls og ladder-forritun. Með þessa þekkingu að vopni getur þú sett upp og tengt iðntölvu við loka, skynjara, teljara og rofa, forritað iðntölvu með ladder-forritun og látið hana stýra aðgerðum ásamt því að framkvæma villuleit í forriti og átta þig á algengum bilunum.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Guðmundur Rúnar Benediktsson, rafmagnsverkfræðingur. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | 20. - 23. mars, kl. 8.30 - 16.30. |
| Fullt verð: | 200.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 70.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

CNC stýrðar iðnvélar

Farið er í virkni hvers konar tölvustýrðra iðnaðarvéla. Kennt er á rennibekk og fræsivél en keyrsla fræsivéla er mjög svipuð keyrslu annarra véla s.s. skurðarvéla, yfirfræsa (trésmíði) og lokka.

| | |
|--------------------------------|----------------------------|
| Kennari: | Ragnar Þórisson. |
| Staðsetning: | Í viðkomandi fyrirtæki. |
| Tími: | Samkomulag. |
| Fullt verð: | Eftir umfangi. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 1/3 af fullu verði. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Kælitækni – áfylling á kælikerfi

Að loknu námskeiðinu þekkir þú hvernig kælimiðli er tappað af og bætt á kælikerfi, hvernig smurolíu er tappað af og bætt á kælipressur, innstillingu há- og lágþrýstiliða, hlutverk þurrkara og þurrkaraskipta og grunnatriði bilanaleitar. Með þessa þekkingu að vopni geturðu bætt kælimiðli á kæli- og frystikerfi, skipt um smurolíu, stillt há- og lágþrýstiliða, skipt um þurrkara og leitað bilana í kerfum.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| Fullt verð: | 100.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 40.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – VÉLSTJÓRAR

Bilanagreining kælikerfa

Á námskeiðinu verður rífaður upp grunnur kælitækninnar. Þá verður farið yfir a.m.k 10 - 15 algengar bilanir í kælikerfum. Notast verður við kennslutæki sem er með sambyggðum frysti og kæli. Kerfið notar R 404.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| Fullt verð: | 150.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 70.000 kr. |

LOFTRÆSIMENN OG BLIKKSMÍÐIR

Stillingar loftræstikerfa

Að námskeiði loknu verður þú fær um að gera þær mælingar á virkni kerfis sem eru nauðsynlegur grunnur að stillingu þess, stilla loftræstikerfi samkvæmt forskrift og færa mælingar og stillingar inn í stilliskýrslu sem verður hluti af handbók kerfis.

Á námskeiðinu verður m.a. fengist við aðferðir við loftmagnsstillingar, grunnatriði mælinga, hraðamælingar í stokkum, lekamælingar, loftmagnsstillingar, formúlur og útreikninga og handbækur.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Karl Hákon Karlsson, byggingatæknifræðingur |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| Fullt verð: | 150.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 70.000 kr. |

MÁLMTÆKNIMENN – SUÐUMENN

Suðuþjálfun í fyrirtækjum

Sérfræðingur IÐUNNAR í málmsuðu mætir í fyrirtæki, metur þekkingu og leikni þátttakenda í þeim suðuaðferðum sem notaðar eru. Kennsla og þjálfun byggist á þessu mati. Ef um hæfnispróf er að ræða leggur sérfræðingur IÐUNNAR prófið fyrir og kemur prófstykkjum til vottaðs matsaðila.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Hilmar Brjánn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltækni-fræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða viðkomandi fyrirtæki. |
| Tími: | Samkomulag. |
| Fullt verð: | Eftir umfangi. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 1/3 af fullu verði. |



VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Varmadælar – virkni, uppsetning, stilling og viðhald

Á námskeiðinu verða skoðaðir helstu íhlutir og hlutverk varmadæla. Hvernig virkar varmadæla þegar hún er stillt á hita og hvernig virkar hún þegar stillt er á kælingu?

Hvernig er best að setja varmadælar upp og hvar á að staðsetja þær (úti og inni)? Eigum við að láta eina dælu virka á eitt eða fleiri herbergi? Hvernig eru tengingarnar, stærð elementa o.fl.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Guðlaugur Þór Pálsson, vélfræðingur og framkvæmdastjóri Frostmarks ehf. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| Fullt verð: | 180.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 80.000 kr. |

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Kælitækni

Inntak námskeiðsins er miðað við undirbúning til hæfnisvottunar í kæli- og frystitækni samkvæmt opinberum kröfum (Evrópureglugerðir nr. 834 og 303 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir). Að loknu námskeiðinu þekkir þú Kyoto – bókunina og grunnatriði varmafræðinnar og áhrif kælingar og frystingar á matvæli. Einnig verður farið í uppbyggingu kæli- og frystikerfa, helstu íhluti þeirra, tákni og tákmyndir, mælubrettið og notkun þess, mengunarhættu frá kælikerfum ásamt gildandi reglugerðum um kælimiðla, áhrif yfirhitunar og undirkælingar kælimiðils. Loks verður fjallað um handbækur kælikerfa, uppbyggingu þeirra og tilgang auk gildandi staðla um hönnun og smíði. Með þessa þekkingu að vopni geturðu bilanaleitað kælikerfi, leitað að leka, stillt há- og lágþrýstiliða, afhriðað, skipt um þurrkara og sjónglós, stillt yfirhitun og undirkælingu, bætt á og tæmt kerfi af kælimiðli og smurólíu.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur B.Sc. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Verður haldið þegar sex hafa skráð sig. |
| Fullt verð: | 300.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 150.000 kr. |

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA



Fáðu reglulega sendan tölvupóst með fréttum og upplýsingum um áhugaverð námskeið eða aðra viðburði. www.idan.is/postlisti

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Suðuhæfni og efnisfræði málna, óskaðlegar prófanir NDT.

Hljóðbylgju, segulagna, flúorsent og litaprófanir

Kynntar verða hinar ýmsu aðferðir til óskaðlegra prófana svo sem: Hljóðbylgjuþrófun, litaprófun, segulagnaprófun, sjónskoðun, þrýsti- og lekaprófanir ásamt röntgenmyndun. Notkun þessara aðferða ásamt möguleikum og takmörkunum.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Hilmar Brjánn Sigurðsson og Gústaf Adólf Hjaltason, véltækni-fræðingur IWE. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Sjá nánar á www.idan.is . |
| Fullt verð: | 200.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 50.000 kr. |

STARFSMENN Í MÁLMÍÐNAÐARFYRIRTÆKJUM - VÉLSTJÓRAR

Kerrusmiði

Að loknu námskeiðinu þekkir nemandi öryggi á vinnustað í málmíðnaði, mælitæki og allar helstu vélar og tæki í málmíðnaði og getur notað handverkfæri á réttan hátt. Einnig verður farið í spónlausu vinnu, spóntöku, málmurðaraðferðir, helstu málmurðuaðferðir, lóðun, skrifur, bolta og draghnoð og reglur um kerrur og búnað þeirra. Með þessa þekkingu að vopni munu nemendur geta smíðað kerru.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Verður haldið þegar 10 hafa skráð sig. |
| Fullt verð: | 150.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 50.000 kr. |

STARFSMENN Í MÁLMÍÐNAÐARFYRIRTÆKJUM - VÉLSTJÓRAR

Þrýstiloftskerfi (loftstýringar)

Á þessu námskeiði lærir þú um eiginleika lofts og hvernig þeir breytast við aukinn þrýsting og breytingar á hitastigi, rakaútfellingar o.fl. Þú lærir um stofnkerfi og lagnir, þrýstiloftstákn og teikningar loftstýrikerfa. Farið verður yfir ýmsa loka og aðra íhluti og skoðuð virkni þeirra. Farið verður yfir tengistykki, slöngur, hvernig efni eru í lögnum og hvar þær henta best. Sérstaklega verður farið yfir stýringar á lokum bæði með lofti og rafmagni. Iðntölvur verða sérstaklega skoðaðar með tilliti til þessa. Tveim þriðju hluta þessa námskeiðs verður varið í að teikna kerfi, leggja þau og fá þau til að virka (verkefni).

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Kristján Kristjánsson, iðnaðartæknifræðingur B.Sc. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Sjá nánar á www.idan.is . |
| Fullt verð: | 100.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 25.000 kr. |



STÓR
FRAMHALDS
SKÓLA
KYNNING

ÍSLANDSMÓTIN

IÐN- OG VERKGREINA

16. - 18. mars í Laugardalshöll



- Gestum gefinn kostur á að prófa ýmislegt spennandi undir handleiðslu fagfólks
- Framhaldsskólar kynna fjölbreytt námsframboð.
- Náms- og starfsráðgjafar svara fyrirspurnum



verkiðn

MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ

STÁLSMÍÐIR – SUÐUMENN – VÉLVIRKJAR - VÉLSTJÓRAR

Legur

NÝTT NÁMSKEIÐ

Farið verður yfir hinar ýmsu tegundir lega. Til hvers eru legur, hönnun o.fl. Ásetning lega, hvernig tókum við þær af ásum, smurning, ending og skemmdir. Hvaða verkfæri og lausnir eru til við hinum ýmsu vandamálum varðandi það að skipta um legur.

| | |
|--------------------------------|--------------------------------------|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Mánudagur 8. maí, kl. 13.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 5.000 kr. |

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Smurolíur

Farið verður í tilgang smurolía í vélbúnaði, jarðolíur, tilbúnað olíur, smurningu, íbættiefni og smurfeiti. Fjallað er um hvað þarf að hafa í huga við val á smurolíum, vökvakerfisolíum, síum og skiljum. Hvað er hreinleiki og agnatalning, hvaðan koma agnirnar úr vélbúnaðinum auk olíurannsóknna og skýrslna.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 9. maí, kl. 13.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | Endurgjaldslaust fyrir félagsmenn. |

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Afréttingar

NÝTT NÁMSKEIÐ

Farið verður í grundvallaratriði við afréttingar á ýmsum vélbúnaði. Dælur, mótórar, girar og vélar verða réttir af bæði með klukkum og leiser.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Miðvikudagur 10. maí, kl. 13.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 5.000 kr. |

VÉLSTJÓRAR - MÁLMTÆKNIMENN

Titringsmælingar

NÝTT NÁMSKEIÐ

Farið verður í grundvallaratriði við titringsmælingar. Farið verður yfir staðla og búnað sem gefa vísbendingar um titringsvandamál. Hvað eru mælitækin að segja okkur? Erum við með skemmdar legur, skemmdar tennur í gírkassa o.fl.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 23. maí, kl. 13.00 – 17.00. |
| Fullt verð: | 40.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 10.000 kr. |

BLIKKSMÍÐIR – MÁLMTÆKNIMENN - VÉLSTJÓRAR

Rafmagnsfræði fyrir málmiðnaðarmenn

Að loknu þessu námskeiði þekkir þú grunnatriði rafmagnsfræðinnar ásamt framleiðslu- og flutningsferlum raforku, helstu öryggisatriði varðandi rafleiðara og muninn á milli jafnstraums og ríðstraums, einfasa og þriggja fasa rafmagns, lekaliða og öryggja. Einnig verður farið í segullíða, spenna og afriðla, undirstöðuatriði í virkni iðntölva (PLC) og rafmagnsteikningar. Með þessa þekkingu að vopni geturðu notað fjölsviðsmæli (AVO), mælt spennu og einangrað leiðara með því að slá út í töflu og læsa öryggjum til að einangra vélar fyrir viðgerðir og áttar þig á fyrirkomulagi íhluta í rofa- og tengiskápum. Einnig áttar þú þig betur á hvenær borgar sig að kalla á rafvirkja.

| | |
|--------------------------------|---------------------------------|
| Kennarar: | Kennarar IÐUNNAR fræðsluseturs. |
| Staðsetning: | Tækniskólinn. |
| Tími: | 15. - 19. maí kl. 8.30 - 17.00. |
| Fullt verð: | 100.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 40.000 kr. |

STARFSMENN Í MÁLMIÐNAÐARFYRIRTÆKJUM - VÉLSTJÓRAR

Öryggismál

Á þessu námskeiði verður fengist við flest það sem viðkemur öryggi við vinnu á verkstæðum, s.s. gaskúta, handverkfæri, smíðavélar, umgengni o.fl. Þá verður gátlistakerfið ELMERI kynnt.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Kristján Kristjánsson, iðnaðartækni-fræðingur B.Sc. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Auglýst síðar. |
| Fullt verð: | 100.000 kr. <i>Ath. gerum fyrirtækjum tilboð.</i> |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 25.000 kr. |



Fylgdu okkur á
facebook
idanfraedslusetur



HÖNNUÐIR – MÁLMIDNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

AutoCAD 2016 & AutoCAD LT 2017 - grunnnámskeið

Á þessu námskeiði afla nemendur sér traustar þekkingar á viðmóti forritsins, skipunum þess og tækni til að skapa, lagfæra og prenta tvívíð verkefni. Auk þess læra þeir grunninn sem er nauðsynlegur til að vinna með AutoCAD í þrívídd. Þar með geta þeir teiknað og málsett einfalda hluti og útbúið snrytilegar og aðlaðandi teikningar ásamt því að hagnýta þekkingu sína í tvívíðri hönnun við aðstæður á vinnustað.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| Tími: | 10., 11., 17. og 18. febrúar, kl. 8.30 – 17.00. |
| Fullt verð: | 100.000 kr. <i>Ath. gerum fyrirtækjum tilboð.</i> |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 70.000 kr. |

HÖNNUÐIR – MÁLMIDNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR INVENTOR

Autodesk Inventor 2017 Essentials – grunnnámskeið

Inventorinn er framúrskarandi forrit til þrívíðrar hönnunar á gegnheilum módelum og færslu tvívíðra teikninga í þrívíð módel.

Að loknu þessu hagnýta námskeiði eiga nemendur að þekkja undirstöðuatriði í þrívíðri, tölvustuddri hönnun og getað skissað í forritinu ásamt því að geta sett inn skýringar, efnis- og íhlutalista. Fleiri atriði verða tekin fyrir s.s. hvernig á að stýra hreyfingum samsettra hluta, leiðréttá misfellur, leggja faglegt mat á eigin verk og gera þau þannig úr garði að þau séu nothæf fyrir breiðan hóp samstarfsmanna. Einnig munu nemendur geta valið, mótað og staðsett íhluti í samsetningu og loks búið til teikningar með vörpun, sniði, hlutmyndum og ísómetríu.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| Tími: | 22. - 25. febrúar, kl. 8.30 - 17.30. |
| Fullt verð: | 150.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 70.000 kr. |



HÖNNUÐIR – IÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR INVENTOR

Inventor 2017 „súper módel“ (Skeleton Construction)

Súpermódel einkennast af því að passa fullkomlega saman. Það kemur hönnun þín líka til með að gera þegar þú hefur lokið námskeiðinu. Á námskeiðinu lærir þú að vinna með „skynsöm módel“ (Intelligent Models) bæði hvað varðar „geómetríu og parameter“. Einblínt er á að módelið á að passa 100%. Námskeiðið er fyrir alla sem vinna með Inventor - óháð því hvað verið er að hanna - því súper módel er hægt að nota á öllum stigum. Allir sem þurfa að vinna með nákvæm og flókin módel hafa gagn af námskeiðinu. Kynnt verða „tips og tricks“ sem kennarinn með reynslu sinni hefur lært og komist að.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| Tími: | Föstudagur 17. og laugardagur 18. mars, kl. 8.30 – 17.30. |
| Lengd: | 24 kennslustundir. |
| Fullt verð: | 95.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 40.000 kr. |

HÖNNUÐIR – MÁLMIDNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

AutoCAD Electrical 2017 Essentials (IEC Standard) - grunnur

Fyrir nýja notendur sem þurfa undirstöðupjálfun í AutoCAD Electrical. Allar æfingar og hjálpargögn byggja á IEC.

Á þessu úrvalsgóða námskeiði læra nemendur að þekkja þau fjölmörgu tæki og tól sem AutoCAD Electrical býður upp á við gerð stýrikerfisteikninga og uppsetninga.

Yfirferð/skýringar á uppbyggingu forrits, viðmót, stillingar og uppsetning og stöðlun, verkefnastjórn, rafmagnsteikning, innsetning tákna, aðferðir til breytingar/afritunar, skýrslur, listar og skrár og útlitsmyndir.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Sigurgeir Þorleifsson, rafmagnstæknifræðingur. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| Tími: | 29. - 31. mars, kl. 8.30 - 17.30. |
| Lengd: | 24 kennslustundir. |
| Fullt verð: | 115.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 55.000 kr. |

IÐAN ER ATC (AUTHORIZED TRAINING CENTER) FYRIR AUTODESK.



HÖNNUÐIR – MÁLMÍÐNAÐARMENN – TÆKNIMENN
OG NÝIR NOTENDUR AUTOCAD

Autodesk Revit Architecture 2016 grunnnámskeið „Essentials“

Vertu fjót(ur) að ná tökum á grunninum í Revit Architecture 2016.

Á þessu námskeiði er farið í gegnum grunninn í Revit Architecture 2015. Kennt verður það sem þú þarft að vita til að komast af stað, hvernig best er að nota viðmótið, búa til grunnmyndir, bæta við innihaldi í módelið, hvernig á að málsetja og margt fleira.

Þetta er grunnnámskeið fyrir byrjendur en í lokin á nemandinn að vera fær um að búa til minni hús og koma frá sér teikningum. Kynnt verður m.a. hvernig íhlutasafn (families) er búið til.

Kynnt verða „tips og tricks“ sem kennarinn með reynslu sinni hefur lært og komist að.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Áslaug Elísa Guðmundsdóttir, byggingarfræðingur. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| Tími: | Laugardagur 1. apríl, kl. 8.30 – 17.30. |
| Fullt verð: | 75.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 25.000 kr. |

BLIKKSMÍÐIR OG STÁLSMÍÐIR

Inventor fyrir blikksmiði og stálsmiði

NÝTT NÁMSKEIÐ

Á námskeiðinu verður notast við Autodesk INVENTOR Sheet Metal hugbúnaðinn. Farið verður í alla helstu eiginleika forritsins og hvernig við hönnum þunnplötu íhluti. Þá verður farið í útflatninga o.fl. Einnig verður skoðað í teikningu marghluta samsetning. Til að ná sem bestum árangri á forritið væri gott að hafa lokið grunnnámskeiði í INVENTOR.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf. |
| Staðsetning: | ÍÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum skv. ósk. |
| Tími: | Föstudagur 7. og laugardagur 8. apríl, kl. 8.30 - 17.30. |
| Fullt verð: | 95.000 kr. |
| Verð til aðila ÍÐUNNAR: | 40.000 kr. |

ÍÐAN ER ATC (AUTHORIZED TRAINING CENTER) FYRIR AUTODESK.



Námskeið fyrir alla

Vinsamlegast athugið að á sumum námskeiðum er fjöldi þátttakenda takmarkaður og því þarf að skrá sig tímanlega.

Árangursrík framsögn og tjáning

Öryggi í framkomu í vinnu og einkalífi

Á þessu námskeiði verður byggð upp tækni til að ná frekari árangri í því að halda fyrirlestur og tala fyrir framan hóp. Í gegnum markvissar æfingar öðlast þátttakendur meira öryggi í framkomu og geta byggt upp persónulegan frásagnarstíl eftir sínum þörfum. Farið verður bæði í framsetningu, miðlun og uppbyggingu efnis í fyrirlestri ásamt því að skoða hvernig hægt er að ná valdi á því að nýta sér glærur og önnur hjálpartæki á áhrifaríkan hátt.

Kennari: Pórey Sigþórsdóttir,
leikkona og raddkennari.

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Mánudagur 6. og fimmtudagur
9. mars, kl. 16.15 – 19.15.

Fullt verð: 29.600 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 17.760 kr.

Frammistöðusamtöl - starfsmannasamtöl

Horfðu á lausnir í stað vandamála

Frammistöðustjórnun er áhrifarík aðferð til að hvetja starfsmenn áfram og auka skilvirkni fyrirtækisins. Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig best er að undirbúa frammistöðusamtal, hvaða þætti er nauðsynlegt að hafa í huga við allt ferlið, framkvæmd sjálfs samtalsins og eftirfylgni. Einnig verður farið yfir aðgerðir sem snúa að því þegar frammistaða starfsmanna stendur ekki undir væntingum og hvað þarf að gera í slíkum tilvikum.

Kennari: Íris Ösp Bergþórsdóttir,
sérfraeðingur í mannauðsmálum.

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Miðvikudagur 22. febrúar,
kl. 8.30. – 12.30.

Fullt verð: 31.800kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 19.080 kr.



Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda

Hvers vegna er starfsánægja mikilvæg?

Á námskeiðinu er leitast við að varpa ljósi á hvað drífur starfsmenn áfram. Fjallað er um áhrif gilda og menningar á starfsandann. Komið er inn á þá þætti sem stuðla að bættum starfsanda og það viðhorf sem er eftirsóknarvert. Á námskeiðinu verður leitast við að greina hvað hægt er að gera til að bæta starfsandann og hvað virkar síður.

Kennari: Kristinn Óskarsson, framkvæmdastjóri hjá Securitas.

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Fimmtudagur 19. janúar, kl. 8.30 – 12.30.

Fullt verð: 31.800kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 19.080 kr.

Árangursrík samskipti

Viltu ná forskoti í samskiptafærni

Viltu ná forskoti í samskiptafærni? Viltu auka árangur þinn og öryggi þegar kemur að samskiptum, jafnvel við krefjandi aðstæður? Hér er um stutt en hnitmiðað námskeið að ræða þar sem tekin verða fyrir þau lykilatriði sem gera fólki kleift að ná hámarksárangri í samskiptum. Farið verður yfir þau atriði sem einkenna jákvæð og árangursrík samskipti og hvernig unnt er að takast á við krefjandi einstaklinga með farsælum hætti þrátt fyrir ólíkar þarfir þeirra og framkomu.

Kennarar: Jóhann Ingi Gunnarsson og Bragi Sæmundsson, sálfræðingar.

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Fimmtudagur 23. febrúar, kl. 8.30 – 12.30.

Fullt verð: 27.400 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 16.440 kr.

NÁMSKEIÐ FYRIR ALLA

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur

Skóðað verður hlutverk stjórnenda og leiðtoga og hvað einkennir jákvæðar fyrirmyndir á því sviði. Hugað verður að stefnumótun og markmiðssetningu og hvað einkennir stefnumiðaða stjórnun.

Kennari: Kristín Baldursdóttir,
Cand Oecon, MA og MPM.

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Þriðjudagur 14. og fimmtudagur
16. mars, kl. 8.30 – 12.00.

Fullt verð: 52.700 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 31.620 kr.

Byrjaðu í golfi

Fyrir byrjendur og lengra komna

Á námskeiðinu eru grunnatriðin í golfi kennd með Starting New At Golf (SNAG) golfkennslukerfinu sem hefur slegið í gegn út um allan heim. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga og leikja. Golf er vinsæl íþrótt meðal allra aldurshópa og það er hægt að byrja að spila golf hvenær sem er á lífsleiðinni. Á námskeiðinu verður farið í alla þá grunnþætti sem nauðsynlegir eru fyrir fyrstu skrefin á golfvællinum.

Kennari: Magnús Birgisson, PGA golfkennari
og SNAG master leiðbeinandi.

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Mánudagur 30. janúar, miðvikudagur
1. og mánudagur 6. febrúar,
kl. 20.00 – 22.00.

Fullt verð: 27.400 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 16.440 kr.

Að semja próf

Á námskeiðinu efla þátttakendur verklag við gerð prófspurninga. Þegar próf er samið þarf m.a. að hafa í huga ólíkar gerðir prófatríða, sem hvert hefur sinn tilgang í ljósi markmiða og námsþátta.

Kennari: Elsa Eiríksdóttir, lektor.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Tvær klukkustundir. Nánar auglýst
síðar. Einnig haldið eftir samkomulagi.

Fullt verð: 10.900 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: Endurgjaldslaust.

Móttaka nema

Vel heppnuð móttaka og markviss þjálfun er fjárfesting til framtíðar

Aðferðum markþjálfunar er beitt í því skyni að efla meistara og tilsjónarmenn í að taka á móti nýnemum og fylgja þeim eftir þar til þeir hafa lokið þjálfun. Þátttakendur búa til áætlun yfir þjálfun nema frá fyrsta degi til loka þjálfunar, setja markmið og fylgja markmiðum og áætlun eftir. Fjallað verður um nærveru í þjálfuninni s.s. hvernig á að spyrja nema spurninga um efnið sem farið hefur verið yfir, fá nema til að taka ábyrgð á þjálfun sinni og skilja efnið.

Kennari: ACC stjórnendabjálfi.

Staður: Nánar auglýst síðar
eða eftir samkomulagi.

Lengd: 8 kennslustundir.

Fullt verð: 39.900 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 13.900 kr.

Að verða betri en ég er

Hvernig hámarka ég árangur minn?

Reynslan sýnir að flestir trúa því að þeir geti bætt sig á einhverjum sviðum. Til þess að svo megi verða er þó mikilvægt að tileinka sér rétt hugarfar. En hvað einkennir hugarfar þeirra sem ná jafnan sínu besta fram, jafnvel við krefjandi aðstæður? Á þessu þjálfunarnámskeiði verður áherslan lögð á þær aðferðir sem afreksfólk á hinum ýmsum sviðum beitir til að ná árangri í leik og starfi.

Kennari: Jóhann Ingi Gunnarsson og
Bragi Sæmundsson, sálfræðingar

Staðsetning: Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7.

Tími: Fimmtudagur 9. og mánudagur
13. mars, kl. 16.15 – 19.16.

Fullt verð: 26.300 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 15.780 kr.





Heimili og hönnun

Grunnatriði hönnunar innan heimilis

Á námskeiðinu er farið í grunnatriði hönnunar innan heimilisins s.s. uppþöðun húsgagna, hvernig hengja eigi upp myndir og litaskema. Einnig verður farið yfir hvernig gera má upp gömul húsgögn með tilliti til efnis o.s.frv. Hvernig má láta húsgögn, persónulega muni, myndir, liti og lýsingu spila saman til að mynda góða heild á heimilinu? Á námskeiðinu er farið í grunnatriði innanhússhönnunar á einföldu máli. Tekin eru fjölmörg dæmi um vel heppnaðar samsetningar. Hvað fer saman, hvað ekki og af hverju ekki?

| | |
|--------------------------------|--|
| Námsmat: | 100% mæting. |
| Kennari: | Emilía Borgþórsdóttir, iðnhönnuður. |
| Staðsetning: | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| Tími: | Miðvikudagarnir 1. og 8. febrúar, kl. 20.00 – 22.00. |
| Fullt verð: | 18.600 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 11.160 kr. |

Öflugt sjálfstraust

„Efnismikið og vel framreitt. Góðar æfingar. Jóhann Ingi er frábær fyrirlesari“

Sjálfstraust er undirstaða margra færniþátta, svo sem því hvernig okkur vegnar í samskiptum við aðra, hvernig við setjum markmið, tökum ákvarðanir og vinnum undir álagi. Markmið námskeiðsins er að kenna aðferðir til að efla sjálfstraust og ákveðni og skoðað hvað einkennir einstaklinga með hátt/lágt sjálfsmat. Fjallað er um áhrif hugarfars, viðhorfa og hugsunar á hegðun og líðan, sjálfstjórn og sjálfsstyrkingu.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur. |
| Staðsetning: | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| Tími: | Þriðjudagur 31. janúar, fimmtudagur 2. febrúar og þriðjudagur 7. febrúar, kl. 16.15 – 19.15. |
| Fullt verð: | 42.800 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 25.680 kr. |

Íbúðaskipti

– meiri upplifun, minni kostnaður

Það er hægt að ferðast án þess að greiða krónu fyrir gistingu!

Fjölmíðlakonan Snæfríður Ingadóttir hefur gert íbúðaskipti að hluta af lífstíl sínum og ferðast árlega erlendis með fjölskyldu sína án þess að greiða fyrir gistingu. Á þessu námskeiði deilir hún reynslu sinni af íbúðaskiptum og bendir einnig á aðrar óhefðbundnar leiðir til þess að halda ferðakostnaði í lágmarki eins og heimilispössun, vinnuskípti, o.fl. Leitast er við að svara spurningum eins og: Er hægt að treysta á íbúðaskipti? Hvernig finnur maður bestu skiptin? Hvar og hvenær er best að kaupa flug? Borgar sig líka að skipta á bílum?

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennari: | Snæfríður Ingadóttir, leiðsögumaður og fjölmíðlakona. |
| Staðsetning: | Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7. |
| Tími: | Þriðjudagur 31. janúar, kl. 19.30 – 22.00. |
| Fullt verð: | 12.600 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 7.560 kr. |

Ferilskrár og kynningarbréf

Langar þig í þetta starf? Réttu pappírarnir geta hjálpað!

Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum að búa til skilvirka ferilskrá og kynningarbréf. Farið verður í innihald og uppsetningu þannig að útkoman nýtist við atvinnuleit.

| | |
|--------------------------------|---|
| Kennarar: | Edda Jóhannsdóttir og Erna G. Árnadóttir, náms- og starfsráðgjafar. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Þriðjudagur 21. febrúar, kl. 17.00 – 20.00. |
| Fullt verð: | 15.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | Fritt fyrir félagsmenn. |

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA IÐUNNAR

Vilt þú fá heimsókn í þitt fyrirtæki?

Fulltrúar frá IÐUNNI koma í heimsókn og kynna fjölbreytt framboð af námskeiðum sem standa til boða á vorönn 2017 og möguleika á sérsniðnum námskeiðum sem henta þörfum hvers fyrirtækis. Eins er boðið upp á aðstoð við skipulagningu á fræðslu í fyrirtækjum og fjallað um raunfærnimat.

Pantaðu heimsókn í þitt fyrirtæki - það kostar ekki neitt!

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 590 6400 eða á netfangið idan@idan.is



Tölvunámskeið

Námskeiðin eru í samstarfi við Tölvu – og verkfræðipjónustuna. Við getum nú stórukið framboðið á tölvunámskeiðum til félagsmanna okkar með samningi við Tölvu- og verkfræðipjónustuna.

Svona ferðu að:

- Hafðu samband við okkur hjá IÐUNNI fræðslusetri til að kanna rétt þinn.
- Við skráum þig svo hjá Tölvu- og verkfræðipjónustunni á það námskeið sem þú óskar eftir.
- Við sendum þér svo reikning með lægra gjaldi og er afslátturinn 40% af upprunalegu verði.



EINRYKJAR OG VERKTAKAR

Reiknað endurgjald

FJARNÁM Í BÓÐI

Þetta ætti að vera skyldunámskeið fyrir alla!

Námskeiðið hentar vel öllum þeim sem stunda sjálfstæðan rekstur. Fjallað verður um helstu reglur sem gilda um reiknað endurgjald og hvað það er sem einstaklingar í eigin atvinnurekstri verða að hafa í huga. Þátttakendur fá svör við spurningum eins og t.d. Hvað er verktaki? Hvað er reiknað endurgjald? Hverjir reikna sér endurgjald? Hvernig á að skrifa reikninga? Hvað á ég að borga mér?

Kennari: Katrín Helga Reynisdóttir, eigandi Profito bókhaldsstofu.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Þriðjudagur 21. febrúar, kl. 17.00 - 20.00.

Fullt verð: 8.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 4.500 kr.

EINRYKJAR OG VERKTAKAR

Virðisaukaskattur

FJARNÁM Í BÓÐI

Ertu með rekstur á eigin kennitölu eða lítið fyrirtæki?

Á námskeiðinu verður gefið greinargott yfirlit yfir helstu lög og reglugerðir sem varða virðisaukaskatt og fá þátttakendur svör við algengum spurningum sem varða framkvæmdina. Hvað er virðisaukaskattur og af hverju er hann reiknaður? Hvenær má nota innskatt og hvenær ekki? Hvað með rekstur bifreiða og virðisaukaskatt? Hverjir eiga að gera grein fyrir virðisaukaskatti og hverjir eru undanþegnir? Hvenær á að skila virðisauka og hverjar eru lágmarksfjárhæðir?

Kennari: Katrín Helga Reynisdóttir, eigandi Profito bókhaldsstofu.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tími: Miðvikudagur 8. mars, kl. 17.00 - 20.00.

Fullt verð: 8.000 kr.

Verð til aðila IÐUNNAR: 4.500 kr.

Skyndihjálp

Hvað gerir þú ef slys ber að höndum?

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla. Markmið þess er að kenna þátttakendum viðbrögð við slysum. Fjallað er um undirstöðuatriði skyndihjálpar og endurlífunar og þátttakendur fá þjálfun í að veita aðstoð í bráðatilfellum. Farið er yfir hvernig beita má á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp. Að loknu námskeiði fá þátttakendur skírteini frá Rauða krossinum.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennari: | Kennarar frá Rauða Krossi Íslands. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20 eða hjá fyrirtækjum. |
| Tími: | Sjá www.idan.is . |
| Fullt verð: | 20.000 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 4.000 kr. |

Nýtt líf eftir starfslok

Hér er fjallað um þær breytingar sem verða á lífi fólks við starfslok. Við tekur tímabil sem hægt er að njóta á ýmsan máta. Fjallað verður um lífeyrismál, réttindi hjá TR, eignastýringu og sparnað, endurskipulagningu fjármála, áhrif hreyfingar og næringar á heilsfar, tómstundir áhugamál og félagslíf.

| | |
|--------------------------------|--|
| Kennarar: | Sigbrúður Guðmundsdóttir og fleiri sérfræðingar. |
| Akureyri: | Skipagata 14, Akureyri. Fimmtudagarnir 9. og 16. febrúar, kl. 9.00 – 15.00. |
| Reykjavík: | 24. og 31. janúar og 7. og 14. febrúar, kl. 9-12. IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Fullt verð: | 60.800 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | 20.800 kr. |

SVEINSPRÓFSNEFNDIR

Árangursrík stjórnun

Markmiðið með námskeiðinu er að veita leiðsögn við að stjórna árangursríkum fundum. Verkfæri markþjálfunar eru notuð til að fá hugmyndir og skoðanir allra fram í samræðum. Lykilatriði tekin fyrir og stjórnandinn fær verkfæri til að undirbúa sig fyrir fundi. Fjallað verður meðal annars um eftirfylgni og ábyrgðarsvið fundarmanna.

| | |
|--------------------------------|--|
| Námsmat: | 100% mætingaskylda og símat. |
| Kennari: | ACC stjórnendapjálfi. |
| Staðsetning: | IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20. |
| Tími: | Nánar auglýst síðar eða eftir samkomulagi. |
| Fullt verð: | 10.900 kr. |
| Verð til aðila IÐUNNAR: | Endurgjaldslaust. |



SAMEINADIR

KRAFTAR!

EINN ÖFLUGASTI LÍFEYRISSJÓÐUR LANDSINS

Við erum sterkari þegar við vinnum saman. Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins undir merkjum Birtu. **Saman erum við sterkari!**

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

 **BIRTA**
LÍFEYRISSJÓÐUR



IDAN
fræðslusetur

Vatnagördum 20
104 Reykjavík

Sími 590 6400
Fax 590 6401

idan@idan.is
www.idan.is